



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Félags- og mannvísindadeild**

**BA-ritgerð  
mannfræði**

**Tengsl mataræðis og sjúkdóma á tímum  
hnattrænna breytinga**

**Hnetá Rós Þorbjörnsdóttir  
Júní 2009**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Félags- og mannvísindadeild**

**BA-ritgerð  
mannfræði**

**Tengsl mataræðis og sjúkdóma á tímum  
hnattrænna breytinga**

**Hneta Rós Þorbjörnsdóttir  
Júní 2009**

Leiðbeinandi: Kristín Erla Harðardóttir

Nemandi: Hneti Rós Þorbjörnsdóttir

Kennitala: 220280-5949



## Útdráttur

Lífmenningarlegt sjónarhorn flokkast undir næringarmannfræði og er sérstaklega hentugt þegar rannsaka á mat, næringu og matarvenjur fólks. Sú nálgun tekur mið af ólíkum þáttum og víxlverkunum sem eiga sér stað milli fólks, menningar og umhverfis. Við rannsóknir á þessu sviði er notast við kenningarlega ramma til þess að nálgast viðfangsefnið. Þeir rammar eru á sviði vistfræði, aðlögunar og pólitískrar heilsuhagfræði. Fræðimenn hafa bent á að þörf sé á enn einum rammanum eða svokölluðum lífmennningarlegum samruna. Hann eigi að hafa það markmið að skoða áhrif mismunar og félagslegra breytinga á líffræði mannsins. Í kjölfar hnattrænna breytinga hefur fæðumynstur fólks tekið miklum breytingum. Aðflutningur matvæla skipar þar stórt hlutverk því staðbundin framleiðsla og matarvenjur fólks geta kollvarpast. Vestræn áhrif finnast nú víða en Vesturlandavæðing, Ameríkuvæðing og fæðutengdur aðflutningur hafa valdið miklum breytingum sem bitnar oft á tíðum á heilsufari fólks. Þó slík áhrif megi finna bæði í iðnvæddum og óiðnvæddum samfélögum virðist það bitna sérstaklega á hefðbundnum samfélögum í hinum svokölluðu þróunarlöndum. Heilsufarsleg vandamál sem rekja má til hnattrænna breytinga á mataræði, eru til dæmis offita, sykursýki og krabbamein.

# Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>4</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>1. MATUR OG MANNFRÆÐI</b> .....	<b>8</b>
<b>2. KENNINGARLEGAR NÁLGANIR</b> .....	<b>10</b>
VISTFRÆÐILEGUR RAMMI.....	12
RAMMI AÐLÖGUNAR .....	13
PÓLÍTÍSK HAGFRÆÐI HEILSURAMMANS .....	14
<b>3. HNATTRÆNAR BREYTINGAR</b> .....	<b>17</b>
AÐFLUTNINGUR MATVÆLA .....	18
ÁHRIF AÐFLUTNINGS Á BRJÓSTAGJÖF BARNNA.....	21
DRIFKRAFTUR HNATTRÆNNA BREYTINGA.....	22
<b>4. VESTRÆN ÁHRIF</b> .....	<b>25</b>
AMERÍSKA INNRÁSIN.....	26
NEYSLUMENNING.....	27
MEXÍKÓ OG ÁHRIF FERÐAMANNAIÐNAÐARINS.....	28
<b>5. HEILSUFARSLEGAR AFLEIÐINGAR HNATTRÆNNA     BREYTINGA</b> .....	<b>33</b>
FARALDUR OFFITU OG SYKURSÝKI .....	34
TENGL MATARÆÐIS OG KRABBAMEINS.....	38
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>42</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>44</b>

## Inngangur

Þegar leið mín lá í fyrsta skiptið til heimsálfu utan Evrópu og Norður-Ameríku fyrir nánast áratugi síðan, byrgði ég mig upp af ýmsum vörum sem ég taldi mig þufa á að halda á meðan á dvöl minni stóð. Ég var á leiðinni til Suður-Ameríku og var nokkuð viss um að vörur á borð við linsuvökva og filmur í myndavélina mína væri ógjörning að finna í þeim löndum sem til stóð að heimsækja. Ég var því bæði hissa og fegin þegar ég sá filmutegundina mína, linsuvökvann og aðrar vörur sem ég þekkti á víð og dreif um verslanir og sölubása. Ef svo illa vildi til að filman kláraðist eða ég yrði uppiskroppa með linsuvökva gat ég þó skundað í næsta stórmarkað og keypt það sem mig vanhagaði um. Þegar ég lít til baka þykir mér kjánalegt til þess að hugsa að ég hafi virkilega haldið að vörur sem fást á Íslandi myndu ekki fást í löndum á borð við Brasilíu og Bólivíu. Eða er það kannski ekki svo kjánalegt?

Þökk sé hnattvæðingunni, eða sökum hnattvæðingar - eftir því hvernig á það er litið, geta gestir og ferðamenn í fjarlægum löndum gengið að því vísu að vörurnar sem þeir nota dags daglega, hvort sem eru matvörur eða aðrar nauðsynjar, fáist nærri alls staðar. Ef okkur líst ekki á framandi sjávarrétt á sódalegu veitingahúsi eða ef okkur finnst maturinn sem er í boði á þeim stað sem verið er að heimsækja ekki góður getum við huggað okkur við að hægt er að nálgast mat sem fæst líka á okkar menningarsvæði. Þennan mat má oftast en ekki finna í stórmörkuðum eða á skyndibitastöðum. Nú geri ég því ekki skóna að allir ferðamenn hafi áhuga á slíkum mat, heldur vil ég vekja athygli á því að hnattvæðingin hefur orðið til þess að ákveðin menningarleg einsleitni einkennir alla króka og kima veraldar, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Nokkrum árum eftir ferðalag mitt með linsuvökvann og filmurnar var ferðinni heitið til Ástralíu. Í þetta skiptið voru birgðirnar ögn léttari því ég var reyndari ferðamaður og vissi að flest mætti kaupa á áfangastaðnum. Þar hittu ég unga ástralska konu sem var kennari en nemendur hennar voru ástralskir frumbyggjar. Hún sagði mér að í norðurhluta landsins væri enga skyndibitastaði að finna. Ástæðan væri sú að frumbyggjar þyldu svo illa skyndibitammat og því

væru slíkir staðir bannaðir. Þó þetta samtal okkar hafi síst af öllu verið byggt á vísindalegum staðreyndum kveikti umræðan spurningar sem að lokum leiddu mig í mannfræði. Ég velti því meðal annars fyrir mér hversvegna ólíkir hópar væru mis viðkvæmir fyrir ákveðnum matartegundum og hvernig áhrif nútíminn hefði á hefðbundin samfélög.

Þetta lokaverkefni mitt sameinar nokkur helstu hugðarefni mín – mat, heilsu og mannfræði. Ég hef ákveðið að setja þau í samhengi við hnattrænar breytingar til þess að grennslast fyrir um tengslin þarna á milli. Þó ég ætli mér ekki að komast að endanlegri niðurstöðu um hvort ástralskir frumbyggjar þoli skyndibitammat eða ekki – enda væri það of stór biti í svo stuttri ritgerð – hef ég ákveðið að varpa ljósi á hvernig hnattrænt fæðumynstur getur stuðlað að einsleitri matarmenningu, ógnað staðbundnum matarsíðum og valdið næringar- og heilsufarslegum vandamálum.

Í ljósi þess að matur er hluti af mannlegu lífi í öllum samfélögum má segja að mannfræðin sé vel til þess fallin að skoða mat og matarvenjur. Í fyrsta kafla ritgerðarinnar kanna ég þann sess sem rannsóknir á mat og matarvenjum hafa innan mannfræðinnar og skoða vægi þeirra í faginu. Ég kynni næringar- og læknisfræðilega mannfræði til sögunnar en það þverfaglega svið er gagnlegt þegar varpa skal ljósi á tengsl líffræðilegra- og menningarlegra þátta. Sömuleiðis er það vænlegt til að greina víxlverkanir þar á milli og möguleika á að móta neysluvenjur fólks og næringarstöðu. Í lok kaflans mun ég svo greina frá helstu nálgunum sem stuðst hefur verið við í mannfræðilegum fæðurannsóknum.

Í öðrum kafla kynni ég helstu kenningar sem tengjast efninu til sögunnar. Umræðan hefst á umfjöllun um gömlu kenningarskólana og hvernig þeir nálguðust mat og matarvenjur. Þá fjalla ég um næringarmannfræði. Hún er þverfaglegt svið sem byggir á vistfræðilegum og þróunarlegum kenningum þar sem áhersla er lögð á víxlverkanir líffræði og menningar. Í því samhengi er oft talað um lífmenningarlegt sjónarhorn en það hefur reynst hentug nálgun þegar rannsaka á tengsl menningar og líffræði við mat og matarvenjur. Í framhaldi varpa ég ljósi á þá kenningarlegu ramma sem notast er við þegar unnið er að rannsóknum á þessu sviði en þeir taka allir mið af ólíkum þáttum sem er styrkleiki lífmenningarlega sjónarhornsins.



Þriðji kaflinn fjallar um hnattvæðingu og þær hnattrænu breytingar sem hafa átt sér stað undanfarna áratugi. Í upphafi kaflans fjalla ég stuttlega um tengsl fæðu og hnattvæðingar og kynni til sögunnar hugtökin *næringarleg umbreyting* og *aðflutningur matvæla*. Ég greini síðan frá þremur helstu breytingum sem samkvæmt Pelto og Pelto (2000) hafa átt sér stað á hnattrænu fæðumynstri fólks síðastliðin 250 ár. Í kjölfar þess bendi ég á dæmi um hvernig aðflutningur getur haft áhrif á og ógnað staðbundinni framleiðslu og neyslu. Að lokum fjalla ég um þau þrjú grundvallaratriði sem talið er að hafi valdið hnattrænum breytingum.

Í framhaldi af umræðunni um hnattrænar breytingar tekur við kafli þar sem kafað er dýpra í áhrif hnattvæðingarinnar. Þá fjalla ég sérstaklega um Vesturlandavæðingu, neyslumenningu og fæðutengdan aðflutning. Aukinheldur veiti ég innsýn inn í Ameríkuvæðinguna svokölluðu og skoða hvernig skyndibitaæði hefur náð hnattrænni útbreiðslu. Í tengslum við það tek ég dæmi af McDonalds og hvernig sú keðja fyrirfinnst um víða veröld. Að lokum fjalla ég um ferðamannaíðnaðinn og bendi á dæmi um hvernig hnattrænar breytingar, túrismi og fæðutengdur aðflutningur geta kollvarpað samfélagi. Dæmi er tekið af samfélagi Maya indíána í Mexíkó.

Í fimmta kaflanum leitast ég við að varpa ljósi á þau heilufarslegu vandamál sem hafa komið fram á sjónarsviðið í kjölfar hnattrænna- og fæðutengdra breytinga. Ég mun fjalla um umfram- og vannæringu og veita innsýn í áhrif sjúkdóma á borð við offitu og sykursýki sem nú virðast mun algengari en áður. Í þessari umfjöllun verður áfram tekið dæmi af samfélagi Maya indíána. Að lokum fjalla ég um tengsl mataræðis og krabbameins og tek sérstaklega fyrir brjóstakrabbamein meðal kvenna á Papúa Nýju Gíneu.

## 1. Matur og mannfræði

Áhugi mannfræðinga á framleiðslumynstri, neyslu og dreifingu matvæla kviknaði snemma. Í upphafi beindist áhuginn fyrst og fremst að óiðnvæddum samfélögum. Markmið rannsókna var að öðlast betri skilning á formgerð og þróun hins félagslega skipulags og menningar yfir höfuð. Matur er hluti af öllum mannlegum samfélögum og því ekki að furða að mannfræðingar hafi áhuga á mat. Sá áhugi hefur sérstaklega beinst að vistfræði, verslun og aðgengi fólks að mat, hvernig fólk dreifir mat og flokkar í ætan eða óætan. Þá má nefna áhuga á næringar- og læknisfræðilegum áhrifum mismunandi neyslumynstra (Messer, 1984).

Matur gegnir ýmsum hlutverkum og snertir ólíka fleti innan samfélaga, svo sem trúarlega, hagræna og félagslega. Auk þess felast í mat og matarsíðum ákveðnar táknrænar merkingar sem meðal annars endurspeglar samband mannsins við annað fólk og umhverfi sitt. Það er því óhætt að segja að matarvenjur séu stór og órofa hluti af samfélögum og skipulagi þeirra (Helman, 1997). Það hefur einnig komið í ljós að fólk notar matarvenjur sínar, s.s. neysluvenjur, aðferðir, undirbúning og hugmyndir um góðan og vondan mat, til þess að móta og skapa sjálfsmynd bæði fyrir sjálf sig og aðra. Þetta hefur verið áberandi víða á Vesturlöndum þar sem líkamsgerð er oftast talin haldast í hendur við viljastyrk til að forðast óhollan mat. Það er lögð áhersla á að fólk stjórni heilsu sinni, móti líkamsgerð sína og hafi þannig áhrif á líkamlega og andlega líðan (Bisogni, Connors o.fl. 2002). Dæmi um sjálfsmyndarsköpun í tengslum við mat og matarvenjur kristallast meðal annars í grænmetisætum, fólki sem kys að borða lífrænt ræktaðan mat, sjúklingum sem þjást af átröskunum eða öðrum kvillum og í matarvenjum fólks sem er undir áhrifum af þjóðerni eða trúarbrögðum.

Eitt af því sem gerir mat að áhugaverðu viðfangsefni rannsókna er að hann má nálgast bæði frá menningarlegu og líffræðilegu sjónarhorni. Það sem skilgreint er sem ætur matur í einu samfélagi þykir óætt í öðru. Mismunandi matur er borinn á borð við hin ýmsu menningarlegu tilefni og undir allskyns félags- og menningarlegum kringumstæðum. Um leið og matarins hefur verið neytt breytist hann í næringu og orku fyrir líkamann og þá er gagnlegt að styðjast við aðferðir

líffræðinnar og næringarfræðinnar til þess að skyggjast inn í áhrif og hlutverk matvæla (Quandt, 1996).

Næringar- og læknisfræðileg mannfræði er undirgrein hagnýtrar mannfræði sem kom fram á sjónarsviðið snemma á 8. áratugnum og er því tiltölulega ný af nálinni. Þetta svið mannfræðinnar fjallar í grundvallaratriðum um tengslin milli líffræðilegra og félagslegra þátta og hvernig þeir móta neysluvenjur og næringarstöðu einstaklinga og hópa. Í næringarmannfræði er ennfremur leitast við að varpa ljósi á hvernig fólk nýtir næringu til þess að mæta líffræðilegum og hegðunarlegum þörfum sínum (Himmelgreen og Crooks, 2005). Þetta svið innan mannfræðinnar er þverfaglegt og nýtir aðferðir og kenningar hinna ýmsu greina. Ber þar helst að nefna læknisfræði, faraldursfræði, næringarfræði og vistfræði en næringarmannfræðin styðst jafnframt við aðferðir og gögn mannfræðinnar til þess að komast til botns í næringarfræðilegum vandamálum. Þessi nálgun er auk þess gjarnan notuð til þess að rannsaka víxlverkanir mataræðis og menningar (Christiansen, 1997).

Margar rannsóknir sem gerðar hafa verið á mat, matarmenningu og matarvenjum sýna hversu veigamikinn sess matur skipar í lífi fólks. Það að borða er ekki bara ein af grunnþörfum mannsins heldur stór hluti af félagslegu lífi (Mintz og Du Bois, 2002). Skyldi því engan undra að matur hefur í gegnum tíðina gegnt mikilvægu hlutverki á hinum ýmsu sviðum mannlífsins. Innan líffræðinnar er lítið á mat sem næringar- og orkugjafa, á hinum hagræna vettvangi er matur talinn vera söluvara en matur þjónar auk þess mikilvægum táknfræðilegum hlutverkum á sviði félags- og trúarbragða. Matarval og aðferðir til framleiðslu og dreifingar á matvælum á rætur að rekja menningar á hverjum stað. Ýmsir þættir, t.d. félagslegt skipulag, samskiptakerfi og stjórn mála- og hagræn kerfi hafa áhrif á matarvenjur. Við mannfræðilegar rannsóknir á mat þykir ekki gagnlegt að aðskilja líffræðilega þætti frá menningarlegum. Einn helsti styrkur næringarmannfræðinnar er talinn felast í því að taka bæði tillit til líffræðilegra afleiðinga fæðuvals og félags- og menningarlegra þátta sem snerta fæðuinntöku (Himmelgreen og Crooks, 2005).

Nokkrar ólíkar nálganir hafa tíðkast í mannfræðilegum fæðurannsóknum og ber þar fyrst að nefna rannsóknir þar sem lögð er áhersla á næringarþarfir fólks

í vistfræðilegu samhengi. Í öðru lagi er etnógrafísk hefð sem á ensku kallast „foodways“ og flokkast sem fæðumannfræði. Þar er litið á fæðu sem hluta af etnógrafískri heild og grafið fyrir um félags- og menningarlega þætti svo sem viðhorf fólks til fæðu, frekar en að einblína um of á líffræðilega þætti líkt og næringargildi fæðunnar. Þriðja hefðin flokkast einnig sem fæðumannfræði og snýr alfarið að hugrænum skilningi fólks á fæðu. Í þessari nálgun er horft framhjá næringargildi en lögð er ríkari áhersla á að skilja þá táknrænu- og menningarlegu merkingu sem býr að baki fæðunnar og litið er á mat sem félagslega og hugræna tjáningu. Fjórða hefðin flokkast sem næringarmannfræði. Hún er ólík fæðumannfræði að því leyti að mun meiri áhersla er lögð á líffræðileg atriði, svo sem næringargildi fæðunnar (Christiansen, 1997).

Hér hefur verið stiklað á stóru um rannsóknir á mat og matarvenjur í félagsvísindum og skýrt frá því mikilvæga hlutverki sem matur gegnir í flestum samfélögum. Næringarmannfræðin var kynnt til sögunnar og fjallað um helstu kosti hennar en það er sú fræðilega nálgun sem stuðst er við í þessari ritgerð og sem nú verður fjallað nánar um.

## **2. Kenningarlegar nálganir**

Af ýmsu er að taka í kenningum um mat og matarvenjur og hægt er að nálgast viðfangsefnið frá ólíkum áttum. Í upphafi þessa kafla er stutt umfjöllun um nálgun gömlu kenningarskólanna á mat og matarvenjur en síðan verður fjallað um kenningar sem nú eru ríkjandi í rannsóknum á þessu sviði.

Virknishyggjan tilheyrir gamla kenningarskólanum og hefur sú kenningarlega nálgun meðal annars verið notuð til þess að skoða hlutverk matar og matarvenja í samfélögum. Þá er virkni ákveðinna matarsíða skoðuð í því samhengi sem þeir síðir hafa í viðkomandi samfélagi. Þannig er hægt að komast að því hvernig hinar ýmsu félagslegu stofnanir hafa áhrif á mat og matarsíði. Helgisíðir og innvígsluathafnir eru dæmi um þetta. Boð og bönn um hvað þykir vera ætur matur og óætur eru annað dæmi. Í ólíkum matarsíðum og hugmyndum um mat getur því falist ákveðið félagslegt gildi sem getur sagt til um félagsleg tengsl og aðra þætti samfélagsins. Með virknishyggjulegri nálgun er þannig hægt

að skoða hvernig staðbundnar venjur sem í fyrstu geta virst merkingarlausar fyrir utanaðkomandi fólk geta falið í sér mikilvægar upplýsingar (Goody, 1982).

Formgerðarhyggjan með Lévi–Strauss í broddi fylkingar studdist við formgerðalega nálgun og tvenndarpör eða andstæður. Gengið var út frá því að ákveðin samsvörun væri á milli formgerðar mannsins annars vegar og samfélagsins hins vegar. Framlag Lévi–Strauss til formgerðarhyggjunnar var meðal annars matargerðar þríhyrningurinn en með honum setti hann eldamennsku í menningarlegt eða náttúrulegt samhengi. Hann notaðist við andstæður sem hafa verið áberandi í mannfræði í gegnum tíðina og setti þessar andstæður fram sem einkennandi fyrir mannlega menningu. Þannig aðgreindi hann hrá matvæli, elduð og rotin en auk þess steikt, reykt og soðin og flokkaði niður eftir því hvort þau væru náttúruleg eða menningarleg. Hann leit svo á að hrá og elduð matvæli væru andstæður og menningarleg umbreyting ætti sér stað þegar farið væri að elda mat (Goody, 1982; Barnard, 2000). Lévi–Strauss rannsakaði ennfremur sambandið á milli matartákna og tótéma og komst að því að reglur í tengslum við mat styrkja samsemd hópa og skilgreina félagslega stöðu og vald (Himmelgreen, 2002).

Þá ber að nefna Mary Douglas en hún var ein af þeim mannfræðingum sem byggði menningarlega nálgun sína bæði á virknishyggju og formgerðarstefnu. Hún leit svo á að matur væri blanda af líffræðilegum en þó aðallega félagslegum þáttum sem hægt væri að ráða í, á svipaðan hátt og menn ráða í dulmál. Niðurstaðan úr því gæti svo veitt upplýsingar um félagsleg mynstur. Hún lagði til að ekki væri einungis litið á máltíð sem samansafn tvenndarpara, líkt og algengt var að gera í mannfræðinni heldur þyrfti að skoða máltíðina í samhengi við aðrar máltíðir (Goody, 1982).

Áhersla Douglas á að matur væri blanda af líffræðilegum og félagslegum þáttum minnir á þá kenningarlegu nálgun sem næringarmannfræðin styðst við. Kenningarlegi grunnurinn innan næringarmannfræðinnar á rætur sínar að rekja til næringarfræði sem og menningarlegrar mannfræði en fyrst og fremst byggir næringarmannfræðin á vistfræðilegum kenningum þar sem matarvenjur og þarfir fólks eru settar í vistfræðilegt samhengi. Ef gengið er út frá þvermenningarlegu sjónarhorni má ennfremur rannsaka hvernig fólk aðlagast umhverfi sínu og hvort sú aðlögun sé vegna áhrifa sögunnar eða einfaldlega afleiðing af umhverfinu.

Næringarmannfræðin er þannig samsett úr vistfræðilegum og þróunarlegum kenningum þar sem bæði er tekið tillit til líffræði og menningar (Quandt, 1996). Í ljósi þess er gjarnan talað um lífmenningarlegt sjónarhorn.<sup>1</sup>

Því er óhætt að segja að næringarmannfræðin sé þverfaglegt fræðasvið sem byggist að einhverju leyti á kenningum og aðferðum annarra fræðigreina. Aðallega er þó stuðst við lífmenningarlega sjónarhornið þar sem kenningar úr líffræði og félagsvísindum eru notaðar til þess að rannsaka sambandið á milli líffræði og menningar í tengslum við mat og næringu (Goodman, Dufour og Pelto, 2000). Samspil menningar og líffræði getur þó verið flókið og hafa fræðimenn sem aðhyllast lífmenningarlega sjónarhornið verið gagnrýndir fyrir smættarhyggju þegar þetta samspil og áhrif þess á fólk og umhverfi er rannsakað. Styrkur lífmenningarlega sjónarhornsins felst þó meðal annars í því að tekið er mið af ólíkum þáttum og víxlverkunum sem gjarnan eiga sér stað á milli fólks, menningar og umhverfisins (Leatherman og Goodman, 2005b). Aðalsmerki lífmenningarlega sjónarhornsins er því þetta þvermenningarlega sjónarhorn og víxlverkanir ólíkra þátta við rannsóknir og fræðastörf en þegar unnið er að rannsóknum á þessu sviði er gjarnan stuðst við kenningarlega ramma til þess að nálgast ákveðin viðfangsefni. Ber þar helst að nefna vistfræðilegan ramma, aðlögunarramma og ramma pólitískrar heilsuhagfræði sem nú verður gerður greinarmunur á (Himmelgreen og Crooks, 2005).

### ***Vistfræðilegur rammi***

Það sem einkennir vistfræðilega rammann er hversu breytilegt og gagnvirktt eðli hans er en með þessari kenningarlegu nálgun er tillit tekið til breytinga af ýmsum stærðargráðum. Þegar stuðst er við vistfræðilegar nálganir er ennfremur lögð áhersla á að skoða skurðpunkt hins félagslega og líkamlega umhverfis og áhrif þess á mat og næringu. Með því er leitast við að samþætta líffræðilega, félagslega, sálfræðilega og hagræna þætti þegar um greiningu á mannlegum matarkerfum er að ræða (Himmelgreen og Crooks, 2005). Vistfræðilegi ramminn er því hentugur

---

<sup>1</sup> Íslensk þýðing á enska orðinu *bioculture*. Hér eftir verður notast við íslensku þýðinguna.

þegar á að skoða áhrif efnislega og félagslega umhverfisins í mótun matar- og næringarmynstra (Himmelgreen, 2002).

Kenningaramminn er notaður með hliðsjón af öllu æviskeiðinu og tekið er tillit til breytinga á næringarþörf einstaklinga og þýðis í líffræðilegum og sál-líffræðilegum skilningi (e. psychobiological). Það eru svo fimm ólíkir þættir í umhverfinu sem ráða því hvaða fæða býðst en þeir þættir endurspeglast að lokum í þörfum einstaklinga (Himmelgreen og Crooks, 2005). Þessir þættir eru hið félagslega umhverfi, félagsleg skipulagning, tækni, menning og náttúrulegt umhverfi.

Félagslega umhverfið vísar til utanaðkomandi svæða og samfélaga en fæðuframleiðsla og dreifing á einu svæði getur haft gríðarleg áhrif á ákveðna hópa eða samfélög á öðrum svæðum. Í félagslegu skipulagi hvers samfélags er svo að finna allskyns stofnanir, bæði í einkarýminu og opinbera rýminu. Dæmi um slíkar stofnanir eru heimilið og stofnanir á pólitísku og hagrænu sviði sem tengjast framleiðslu, dreifingu og neyslu á mat. Tækni annarsvegar og menning hinsvegar, eru aðrir þættir vistfræðilega rammans. Tæknin tekur til allra þeirra tækja og tóla sem notuð eru við öflun, framleiðslu, dreifingu, geymslu og framreiðslu á mat. Menningin vísar til hugmynda um mat, t.d. reglna um hvað má borða og hvað ekki. Menning tekur einnig til þess hvernig matur og matarvenjur endurspeglast í félagslegum samskiptum fólks, trúarhefðum og hugmyndum fólks um mat og heilsu. Að lokum ber að nefna náttúrulega umhverfið en til þess telst loftslag, aðgengi að vatni, jarðvegur, gróður- og dýralíf sem og aðrir þættir sem hafa áhrif á fæðuöflun og framleiðslu (Goodman, Dufour og Pelto, 2000).

### ***Rammi aðlögunar***

Rammi aðlögunar beinir sjónum að hinu félagslega og náttúrulega umhverfi og setur það meðal annars í samhengi við næringarlegt álag sem skapast getur og viðbrögð fólks við því álagi. Annað hvort er fólk fært um að aðlagast breyttum aðstæðum eða ekki – slíkt kallast slæm aðlögun (e. maladaptive). Hugtakið aðlögunarferli skírskotar til þess hvernig mannfólkið lagar sig að þeim efnislegu skorðum umhverfisins. Þessi nálgun er gagnleg við rannsóknir á aðlögun fólks á

svæðum þar sem hættan á næringarlegu álagi er mikil (Himmelgreen og Crooks, 2005).

Bæði náttúrulega og félagslega umhverfið geta takmarkað framboð og aðgang að næringu. Það getur valdið álagi og skapað áskoranir sem fólk þarf að bregðast við (Himmelgreen og Crooks, 2005). Þessi viðbrögð geta verið ólík og í rannsóknnum á þessu sviði er gerður greinarmunur á þremur tegundum aðlögunar. Aðferðirnar þrjár til aðlögunar eru erfðafræðileg aðlögun, félags- og menningarleg aðlögun og lífeðlisfræðileg aðlögun. Undir erfðafræðilega aðlögun flokkast þær genabreytingar sem eiga sér stað frá einni kynslóð til annarrar og auka lífslíkur þeirra einstaklinga sem bera gagnleg gen. Félags- og menningarleg aðlögun tekur til breyttrar hegðunar og nýrrar tækni. Dæmi um slíkt er tæknileg þróun við framleiðslu á ýmsum matvælum sem eykur getu fólks til að fullnýta auðlindir sem hafa ekki alltaf verið aðgengilegar (Goodman, Dufour og Pelto, 2000). Sem dæmi um lífeðlisfræðilega aðlögun má nefna mismunandi líkamsstærðir í tengslum við ólík umhverfi og auðlindir. Þyngd fólks getur t.d. verið óstöðug þegar um árstímabundinn matarskort er að ræða. Að lokum ber að nefna erfðafræðilegan breytileika fólks til að þola mjólkursykur og möguleika þess á að neyta mjólkurvara. Mismunandi aðferðir til að varðveita matvæli, svo sem söltun og reyking, auk framleiðslutækni líkt og afeitrun flokkast undir menningar- og hegðunarleg viðbrögð (Himmelgreen og Crooks, 2005).

Að lokum ber að nefna það að innan kenningarammans er einnig flokkur sem kallast slæm aðlögun en dæmi um það er næringarskortur sem á sér stað í kjölfar ónægðar neyslu, t.d. vöntun á járni því mataræði er ekki rétt. Offita er annað dæmi um slæma aðlögun og viðbrögð við neyslu á of mörgum hitaeiningum. Þannig mætti skýra hina miklu neyslu á skyndibitafæði í Bandaríkjunum sem menningar- og hegðunarlega slæma aðlögun (Himmelgreen og Crooks, 2005).

### ***Pólítísk hagfræði heilsurammans***

Þessi kenningarammi getur verið nytsamlegur þegar kemur að hönnun, framkvæmdum og mati á þeim verkefnum sem snúa að matarhjálp, næringarfræðslu og félagslegri markaðsetningu og þá sérstaklega þar sem unnið er



að því að ná til fjárhagslegra jaðarhópa. Með þessari nálgun hefur ennfremur verið lögð áhersla á sambandið á milli stétta og heilsu en með aukinni iðnvæðingu um miðja 19. öld fór áhugi manna á félagslegu og líkamlegu umhverfi verkalýðsins og tengslum þess við sjúkdóma og ótímabæran dauða vaxandi (Himmelgreen og Crooks, 2005; Himmelgreen, 2002).

Sjónarhornið sem felst í pólitískri hagfræði heilsurammans hefur verið notað til þess að rannsaka hverslags áhrif félagslegir formgerðarþættir hafa á framboð, aðgang og neyslu á mat. Sem dæmi má nefna að ákveðinn hluti bandarísku þjóðarinnar býr við fæðuóryggi og takmarkaðan aðgang að fjölbreyttri næringu, þrátt fyrir að í Bandaríkjunum sé nóg til af fjölbreyttum mat. Ýmsir þættir geta ógnað og haft áhrif á fæðuöryggi, t.d. hnattvæðing, menntun og heilbrigðisstefna, samkeppni milli matvöruverslana, aðgengi að heilsugæslu og áhrif fjölmiðla, svo fátt eitt sé nefnt (Himmelgreen, 2002). Fæðuöryggi getur auk þess verið afleiðing af fitu- og sykurríku mataræði. Það getur valdið offitu, sem nú er vaxandi vandamál víða í heiminum og verður nánar fjallað um síðar (Himmelgreen og Crooks, 2005).

Þessir þrír kenningarammar sem hér hefur verið greint stuttlega frá eru hentugir þegar unnið er að rannsóknum í næringarmannfræði og taka mið af ólíkum þáttum, sem er einmitt styrkleiki hins lífmenningarlega sjónarhorns. Þess má þó geta að nú virðist enn annar kenningarammi vera í mótun. Ýmsir fræðimenn hafa bent á að innan mannfræðinnar sé þörf á lífmenningarlegum samruna til að brúa bilið sem undanfarna áratugi hefur myndast milli líffræðilegrar- og menningarlegrar mannfræði, vegna aukinnar sérhæfingar og fjölbreyttari sjónarhorna. Þessi samruni myndi þjóna þeim tilgangi að sameina þá fjölbreyttu þekkingu og þær fjölmörgu ólíku nálganir sem mannfræðin býður upp á. Þannig væri hægt að skapa ramma sem hefði það markmið að skoða áhrif mismunar og félagslegra breytinga á líffræði mannsins. Alan H. Goodman og Thomas L. Leatherman (1998) eru líffræðilegir mannfræðingar sem hafa fjallað talsvert um þetta málefni en þeir hafa bent á að líffræði og menning séu samtvinnuð og að með því að samþætta þau sjónarhorn sem vistfræðileg aðlögun annarsvegar og pólitísk hagfræði hinsvegar bjóða upp á sé komin ákjósanlegur og rökréttur byrjunarpunktur fyrir uppbyggingu hins lífmenningarlega samruna.

Goodman og Leatherman (1998) eru áhugsamir um að skoða hvernig bæði pólitísk-hagræn ferli og félags- og menningarleg ferli geta haft áhrif á líffræði mannsins og hvernig hún endurspeglast í félagslegri uppbyggingu samfélaga. Þar kemur lífmenningarlegi samruninn inn í myndina, því hann tengir ólíka hluta saman í eina heild. Líffræðina þarf til dæmis að setja í hagrænt, hugmyndafræðilegt, menningarlegt og sögulegt samhengi en auk þess þarf að taka menninguna með í reikninginn og skoða hvernig hún „formgerir efnislegan raunveruleika og upplifanir fólks og hvernig það mótast bæði spurningarnar sem við spyrjum og túlkarnir“ (Leatherman og Goodman, 2005b: 182).

Ef stuðst er við slíka nálgun má gera grein fyrir því hvernig líta má á hina ýmsu sjúkdómsvalda og gen sem orsakavalda, frekar en hreina og beina orsök sjúkdóma. Í þeim líffræðilegu, félagslegu og umhverfislegu aðstæðum sem við búum við geta falist allskyns ólíkir þættir sem auka skaðleg áhrif hinna ýmsu meinvalda og valda þannig sjúkdómum. Aðrir þættir geta auk þess rýrt ónæmi fólks, t.d. óheilbrigt umhverfi, álag og fæðuóöryggi en þessir þættir geta einnig komið í veg fyrir, eða takmarkað aðgang fólks að úrlausnum til þess að ráða við allskyns heilsufarsleg vandamál sem upp geta komið (Leatherman og Goodman, 2005b).

Við fyrstu sýn virðist e.t.v. að mannfræðingar hafi ekki fengist mikið við rannsóknir á mat og mataræði en raunin er þó önnur. Allt frá því á 19. öld hafa mannfræðingar velt fyrir sér mat í bæði félagslegu og líffræðilegu samhengi. Í kaflanum var stuttlega greint frá sjónarhorni virknishyggjunnar og formgerðarhyggjunnar til þess að sýna fram á að viðfangsefnið hefur fangað athygli mannfræðinga frá upphafi. Í kjölfar þeirrar umræðu var fjallað um mikilvægi hins þvermenningarlega sjónarhorns og nauðsyn þess að aðskilja ekki menningu og líffræði heldur styðjast við lífmenningarlega sjónarhornið þar sem tekið er tillit til ólíkra þátta við rannsóknir á mat, mataræði og matarvenjum.

Líkt og kom fram í kaflanum geta ýmsir þættir haft áhrif á fæðuóöryggi og líf fólks. Hnattvæðingin er einn þeirra þátta sem orsakað hefur breytingar á neyslumynstri fólks og matarvenjum. Nú verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem hafa átt sér stað, afleiðingum þeirra og áhrifum.

### 3. Hnattrænar breytingar

Mikið hefur verið rætt um hugtakið hnattvæðingu á undanförunum árum, ekki síst meðal félagsvísindamanna sem nota hugtakið m.a. til að skírskota til framvindu sögunnar. Tim Lang (1999) hefur fjallað um sambandið milli hnattvæðingar og fæðu en samkvæmt honum felast í því sambandi fimm ólíkar merkingar sem hér verður greint frá í stuttu máli. Í fyrsta lagi er um að ræða hagrænt ferli frjálsra viðskipta. Tollar hafa verið lækkaðir og kröfur staðlaðar. Markaðir sem náðu áður til afmarkaðra svæða hafa í vaxandi mæli orðið hnattrænar.

Önnur merking varðar hugmyndafræðileg ferli. Borið hefur á því að stjórnámálameinn og aðrir aðilar í stjórnunarstöðu hafi áhrif á fólk með því að telja því trú um að það sé ekkert annað í boði en að aðlagast nýjum tímum og alþjóðlegri verkaskiptingu í heiminum, allt annað séu úreltar aðferðir og gildi. Til dæmis hafa bændur verið hvattir til að stækka við sig og auka framleiðsluna svo þeir séu samkeppnishæfir bæði á heimamarkaði og hnattrænt en það getur verið mikil krafa á bónda sem hefur alla tíð framleitt fyrir lítin markað. Því er ekki skrítið að hefðbundinn búskapur sé á undanhaldi (Lang, 1999).

Þriðja merkingin snýst um pólitískar aðgerðir sem eru hluti af hnattvæðingunni og hvernig þær hafa haft markviss áhrif á það hvernig eftirliti og stjórnun á matvælum er háttað. Fjórdða merkingin fjallar um gagnrýnisraddir, öfl sem andmæla hnattvæðingunni og áhrifum hennar og spurningarnar sem þau hefja máls á. Sem dæmi má nefna hópna sem mótmæla og berjast gegn genabreyttum matvælum auk hópna sem leggja áherslu á að vel sé mögulegt að vera alþjóðasinni án þess að aðhyllast hnattvæðingu (Lang, 1999).

Að lokum fjallar Lang (1999) um síðustu merkingu hnattvæðingarinnar í tengslum við mat. Hún felur í sér það menningarlega ferli sem á sér stað þegar smekkur fólks og heilsusnið þess er flutt milli staða og þá sérstaklega frá Vestri til Suðurs. Það ferli kallar Lang næringarlega umbreytingu en tengsl slíkra umbreytinga við sjúkdóma er það sem hér er til umræðu. Samkvæmt Lang (1999) skiptir höfuðmáli úr hvaða átt slík umbreyting berst. Það virðist nefnilega vera mikil tilhneiging til þess að offramleidd vörumerki og verslunarvara frá vestrænum ríkjum flæði suður á bóginn og skjóti rótum í samfélögum sem áður fyrr voru sjálfbær. Hamborgaravæðingin og útbreiðsla á bandarískum

skyndabítakeðjum er gott dæmi um slíkt menningarlegt flæði. Það sem er mikilvægt í þessu sambandi er ekki tilvist skyndibítafæðis, því slíkt má finna í einhverri mynd í flestum samfélögum (Ritzer, 1998) heldur öllu frekar auglýsingavæðing, vörumerkjaþróun og það hvernig auglýsingar eru notaðar til þess að hafa áhrif á og höfða til fólks (Lang, 1999).

Í hugtakinu hnattvæðing felast því margar merkingar og ólíkar áherslur sem geta haft mismunandi áhrif á fólk, t.d. eftir búsetu og tíma, svo fátt eitt sé nefnt. Því getur verið erfitt að notast við eina skilgreiningu á hugtakinu en almennt er talað um aukið flæði og tengsl á milli svæða, landamæra og heimsálfa í formi fólks, tákna, ímynda, varnings, tækni og upplýsinga. Ennfremur felast í hugtakinu neikvæðari merkingar svo sem aftenging, útilokun, arðrán og jöðrun (Edelman og Haugerud, 2005).

### ***Aðflutningur matvæla***

Það mætti halda því fram að hnattvæðing matvæla hafi byrjað á tímum nýlenda og landvinninga í Ameríku. Þá hófust flutningar á ýmsum framandi vörum milli landa og heimsálfa sem skiluðu sér ekki einungis til yfirstéttanna heldur einnig til millistéttafólksins. Vöruskipti af ýmsu tagi tóku á sig nýja mynd á þessum tíma og fólk fór að gera tilraunir með vistfræðileg skipti. Gott dæmi um það er kartaflan sem ferðaðist alla leið frá Rómönsku Ameríku til Evrópu og telst nú til grundvallarmatvæla á mörgum vestrænum heimilum (Goodman, Dufour og Pelto, 2000).

Þó hnattvæðing matvæla sé ekki ný af nálinni er umfang hennar og hraði nokkuð sem ekki hefur sést áður. Heimurinn er ekki eins stór og hann einu sinni var en bæði fólk og matvæli ferðast nú um langar vegalengdir á skömmum tíma (Lang, 1999). Griðarlegar breytingar hafa orðið á mataræði fólks síðastliðnar tvær aldir. Þessar breytingar hafa verið mishraðar eftir tímabilum og svæðum en hafa engu að síður snert fólk um allan heim. Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar urðu t.a.m. örar breytingar en á þeim tíma komu auk þess nýjar og eftirsóknarverðar vörur, sem töldust munaðarvörur fyrir stríð, á markaðinn á lægra verði. Hinn sívinsæli Kóka-kóla drykkur kom fram á sjónarsviðið auk annarra vara sem ekki höfðu þekkst áður. Ísskápar og gaseldavélar urðu algengari og auðvelduðu fólk

eldhússtörfín en aukið hreinlæti í umgengni við mat og drykk ásamt framförum í læknávisindum og lyfjafræði hafa meðal annars gert það að verkum að fólk lifir nú mun lengur en áður (Pitte, 2000).

Þótt lífsskilyrði hafi víða batnað á það alls ekki við um alla og ýmsir sjúkdómar og heilsukvillar hafa komið fram á sjónarsviðið bæði þróunarlöndum og ríkum ríkjum. Suma þessara heilsukvilla má rekja til breytinga á mataræði í kjölfar hnattvæðingar. Breytingar sem hafa átt sér stað í iðnvæddu ríkjum hafa gjarnan verið tengdar við bætt heilsufarsástand fólks og aðgang að betri næringu. Á sama tíma hefur einnig borið á aukningu á næringartengdum sjúkdómum en fjöldi þeirra sem þjáist af vannæringu í heiminum, hefur aldrei verið meiri. Það á ekki einungis við um hin svokölluðu þriðja heims lönd (Pelto og Pelto, 2000). Þessar fæðutengdu breytingar hafa líka haft neikvæðar afleiðingar víðast hvar, en þó sérstaklega í löndum þar sem iðnvæðingin hefur ekki náð fótfestu. Sjúkdómar og heilsuþrestir af næringarfræðilegum ástæðum sem þar er að finna geta verið afleiðing þess að matarmenning breytist vegna utanaðkomandi áhrifa (Freund og McGuire, 1995). En hverskonar breytingar er um að ræða?

Samkvæmt Pelto og Pelto (2000) hafa á síðastliðnum 250 árum átt sér stað þrjár meginbreytingar sem hafa haft áhrif á hnattrænt fæðumynstur. Í fyrsta lagi hefur matarnotkun fólks í auknu mæli einkennst af hröðum aðflutningi<sup>2</sup> bæði hvað varðar matarframleiðslu og dreifingu. Aðflutningur er lykilhugtak í umræðu um næringarfræðilegar breytingar í heiminum en í því felast einnig hugtök á borð við nývæðingu, framþróun og aðlögun. Hugtakið minnir á það sem Lang (1999) kallaði næringarlega umbreytingu en hér er átt við hvernig ýmis ferli tengd matarframleiðslu, aðferðum og neyslumynstri hafa dreifst um heiminn með sífellt hraðvirkara kerfi félags- hagrænna og pólitískra tengsla. Ef horft er á aðflutning frá sjónarhorni einstaklinga og fjölskyldna þýðir það að hinn daglegi matarbiti kemur nú í auknum mæli frá fjarlægum slóðum en þess ber að geta að auglýsingar og verslun hafa einnig haft mikil áhrif á hugmyndir fólks um mat og matarnotkun (Daltaubuit og Leatherman, 1998).

---

<sup>2</sup> Íslensk þýðing á enska orðinu *delocalization*. Hér eftir verður notast við íslensku þýðinguna.

Í öðru lagi hefur aðflutningur í hinum iðnvæddu löndum verið tengdur byltingu í samgöngum og varðveislu matvæla (Montanari, 1994), auknu framboði á innfluttum mat ásamt meira framboði og fjölbreytni matvæla. Þetta hefur víða gert það að verkum að mataræði hefur batnað. Áður fyrr náðu þessi áhrif nánast einungis til yfirstétta samfélagsins en nú til dags eru ýmsir hópar innan samfélaga sem hafa fengið að njóta góðs af þessum áhrifum (Pelto og Pelto, 2000).

Í þriðja lagi hefur borið á því að í þeim löndum þar sem iðnvæðingin hefur ekki skotið föstum rótum hafa þessar breytingar haft öfug áhrif á fólk, sérstaklega það sem tilheyrir lægri stéttum samfélagsins. Alþjóðleg dreifing á mat og matarnotkun hefur auk þess víða bitnað á þeim þjóðum sem eru efnahagslega á jaðrinum. Þetta hefur gerst vegna þess að margir hópar í hinum svokallaða þriðja heimi, sem framleiddu og sóttu sín matvæli áður fyrr í sitt nánasta umhverfi, geta það ekki lengur. Meiri hnattræn viðskipti og ákveðnir hagrænir og pólitískir þættir hafa valdið efnahagslegum samdrætti sem síðan hefur bitnað á svæðisbundinni framleiðslu og dreifingu matvæla (Pelto og Pelto, 2000)

Massimo Montanari (1994) fjallar á svipaðan hátt um hugtakið aðflutning og tengsl þess við matvæli. Samkvæmt honum er aðaleinkenni þess á 19. og 20. öldinni, breyting sem hefur átt sér stað í óiðnvæddum samfélögum. Þau ala nú í auknum mæli nautgripi og rækta nytjaplöntur fyrir erlenda markaði, sérstaklega Evrópu- og Bandaríkjamarkað (Pelto og Pelto, 2000). Slíkur aðflutningur getur ógnað staðbundinni neyslu í framleiðslulandinu. Eitt af mörgum dæmum kemur frá Guatemala þar sem kjötframleiðsla tvöfaldaðist á árunum 1960-1972 en á sama tíma minnkaði staðbundin kjötneysla á mann um 20%. Slíkt getur haft alvarleg næringarfræðileg áhrif á framleiðsluþjóðir. Stærri markaðir og verslunarvöruvæðing getur þannig aukið næringarlega fjölbreytni meðal þjóða sem standa sterkum fótum efnahagslega en bitnað á fátækari þjóðum sem hafa ekki efni á að greiða heimsmarkaðsverð (Daltabuit og Leatherman, 1998).

Þéttbýlisþróun hefur verið gífurleg undanfarna áratugi en nú eru í heiminum mun fleiri íbúar í þéttbýli en dreifbýli. Þetta hefur að sjálfsögðu einnig áhrif á aðgang fólks að matvælum (Lang, 1999). Í þéttbýli eru íbúar háðari verslunarvöruvæðingunni og því að kaupa í matvöruverslunum eða á mörkuðum. Sjálfbærni og vöruskipti sem voru einkennandi fyrir dreifbýli eru því á hverfanda

hveli. Montanari (1994) bendir á að það matarkerfi sem einkennir Evrópu í dag hafi orðið fyrir miklum áhrifum af þéttbýlisþróuninni og að ákveðin tilhneiging sé nú til þess að matarmenning fólks í dreifbýli breytist í sama horf. Hann telur að það mataræði sem nú einkennir þéttbýli þyki eftirsóknarvert meðal bænda og íbúa í dreifbýli sem dreymir um munaðarvörurnar sem fást í verslunum þéttbýlisins.

Viða í heiminum þykir unnin matvara á borð við hvítt brauð og hvít hrísgrjón finni en gróf og óunnin matvara. Smábændur í Evrópu borðuðu hér áður fyrir dökk og gróf brauð á meðan aðallinn gæddi sér á dýrindis kökum og fransbrauði (Camporesi, 1993). Montanari orðar þetta á skemmtilegan hátt í bók sinni og segir að “einungis rík samfélög hafi efni á því að meta fátækt., (1994: 159) og vísar hann þannig í það hvernig hvítt brauð, snautt næringarríkt korntegundum hefur rutt sér til rúms meðal fína fólksins. Í kjölfar Vesturlandavæðingarinnar sem er hluti af hnattvæðingunni og verður fjallað nánar um síðar, hafa unnar matvörur á borð við hvít hrísgrjón og fransbrauð orðið algengari. Það á einnig við í þróunarlöndum, en talið er að ákveðnir sjúkdómar eigi rætur sínar að rekja til ófullnægjandi neyslu fólks á kornmeti (Helman, 1997; Freund og McGuire, 1995).

Aðflutningur matvæla og breyttir dreifingarhættir geta teft staðbundnum framleiðsluháttum í tvísýnu og haft slæm áhrif á svæðum þar sem fólk hefur lífsviðurværi af ræktun matvæla. Borið hefur á því að jarðræktarland sé tekið af íbúum og notað í samkeppnisskyni til þess að rækta nytjaplöntur ætlaðar til sölu. Slíkt ástand býður upp á aðflutning matvæla og getur meðal annars orðið til þess að matarkerfi sem áður voru þjóðleg verða í auknum mæli háð vörusendingum frá Vesturlöndum (Pelto og Pelto, 2000).

### ***Áhrif aðflutnings á brjóstgjöf barna***

Hnattvæðing og aðflutningur hefur einnig bitnað á brjóstgjöf barna sem hefur snarminnkað í kjölfar hnattrænna breytinga og þá sérstaklega í óiðnvæddum, þéttbýlum og óvestrænum samfélögum. Á 7. og 8. áratug síðustu aldar fóru fyrirtæki á borð við Nestlé í auglýsingaherferð sem beint var að löndum þriðja heimsins. Markmiðið var að fá mæður til að gefa börnum sínum þurrmjólk í stað brjóstamjólkur en í auglýsingunum var gefið til kynna að þurrmjólk í pela væri

nútímaleg, holl og góð fyrir börn (Freund og McGuire, 1995). Rannsóknir hafa sýnt fram á að víða þykir brjóstgjöf ómenningarleg og almúgaleg hefð sem beri að hætta við fyrsta tækifæri. Í dag er talið að þetta hugarfar og afleiðingar þess fyrir konur og börn sé eitt stærsta heilsufarsvandamál okkar tíma (Helman, 1997). Ýmsir þættir hafa spilað inn í þessa þróun og ber þar sérstaklega að nefna þéttbýlismyndun, aukna þátttöku kvenna á vinnumarkaði og fyrrnefndar auglýsingarherferðir sem ýta undir neyslu á þurrmjólk. Þetta hefur haft gríðarleg áhrif á næringarstöðu, heilsufar og lífshorfur barna sem hafa verið svipt þeirri fyrsta flokks næringu sem móðurmjólkinn er. Hún inniheldur auk þess ýmis efni sem styrkja ónæmiskerfi ungabarna. Ólíkt brjóstamjólkinni, kostar þurrmjólkinn peninga svo sumar konur þynntu mjólkina til að drýgja hana. Það bitnaði að sjálfsgöðu á börnunum og auk þess bjuggu konurnar margar hverjar við aðstæður þar sem hreinlæti var ábótavant. Næringarskortur barna jókst í kjölfarið og gekk undir nafninu „pelabarna heilkennið“ (Freund og McGuire, 1995).

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (2009) mælir í dag með því að hvítvoðungar fái eingöngu brjóstamjólk fyrstu sex mánuðina og séu svo á brjósti með annarri fæðu í allt að tvö ár. Þrátt fyrir það er talið að færri en 40% barna í heiminum búi svo vel að fá eingöngu móðurmjólk fyrsta hálfu árs lífsins.

Eins og þetta dæmi gefur til kynna eru áhrif stórfyrirtækja á borð við Nestlé gífurleg. Þau hafa völd og getu til að hafa áhrif á framleiðslu og vinnslu matvæla og móta matarvenjur jarðarbúa. Auglýsingaherferðir stórra og valdamikilla fyrirtækja á borð við McDonalds, geta þannig ýtt undir breytingar og ný gildi ásamt því að aðskilja fólk frá sögulegum- og menningarlegum matarsíðum sínum. Í formi auglýsinga er svo hægt að koma á framfæri upplýsingum um tilteknar vörur. Allir þessi þættir hafa mótandi áhrif á matarvenjur fólks (Freund og McGuire, 1995).

### ***Drifkraftur hnattrænna breytinga***

Talið er að eftirfarandi þrjú grundvallaratriði hafi verið drifkraftur helstu breytinga á mataræði fólks undanfarna áratugi en þessi atriði hafa öll orðið fyrir áhrifum af ýmsum ólíkum þáttum á sviði pólitískrar-hagfræði og vegna menningar- og trúarlegra hreyfinga, bæði á þjóðlega og alþjóðlega vísu (Pelto og



Pelto, 2000). Fyrsta grundvallaratriðið er meiri útbreiðsla á plöntum og dýrategundum.

Í öðru lagi hefur er alþjóðleg útbreiðsla á matvælum orðið meiri og iðnaður á sviði matarvinnslu umfangsmeiri. Þess má geta að í rannsókn sem gerð var á matarsíðum inuíta í Alaska kom í ljós að miklar breytingar höfðu átt sér stað þeirra á meðal. Þar taldi fólk að ákveðin matvæli sem einungis var hægt að nálgast í verslunum væru nauðsynlegur hluti af mataræði. Sem dæmi um slíka matvöru má nefna kaffi, te, sykur, hveiti, olíu, tóbak, salt og mjólkurvörur. Tilkoma slíkrar matvöru í hefðbundnu samfélagi inuíta hefur afdrifarík áhrif á mataræði fólksins sem þar býr (Pelto og Pelto, 2000).

Þriðja atriðið eru búferlaflutningar fólks, bæði frá dreifbýli til þéttbýlis, eins og áður var rætt, en einnig milli heimsálfa. Slíkir flutningar hafa leitt til mikilla breytinga á matreiðslu og matartækni. Hugmyndir fólks um mat hafa auk þess breyst en með fólksflutningum verða einnig til verslanir og veitingahús sem sérhæfa sig í þjóðlegri matarhefð. Þannig hafa til að mynda ítalskir og kínverskir innflytjendur í Bandaríkjunum viðhaldið neysluvenjum sínum og kynnt þær fyrir Bandaríkjamönnum. Það að flytja með sér sína eigin matarmenningu viðheldur menningarlegu sambandi við upprunaland fólks og skipar auk þess mikilvægt táknrænt, trúarlegt og félagslegt hlutverk í daglegu lífi fólks. Í ljósi þess að flest lönd hafa ákveðna þjóðarrétti má segja að matur geti öðlast það hlutverk að vera kennimark ákveðins hóps, hvort sem hópurinn er af trúarlegum, staðbundnum eða þjóðernislegum toga. Framleiðsla og neysla á ákveðnum mat getur þannig stuðlað að samheldni innan samfélaga, jafnvel þótt fólk flytji milli landa. Í kjölfar landflutninga er algengt að fólk haldi áfram að borða sinn hefðbundna mat sem hefur kunnulegt bragð og lykt sem fólk þekkir, bæði við hversdagsleg og hátíðleg tilefni. Matarsíðir fólks eru þó einn af þeim þáttum sem síðastir hverfa þótt innflytjendur kjósa að hafna upprunamenningu sinni (Helman, 1997).

Auknir fólksflutningar og útbreiðsla þjóðlegra matarhefða í tengslum við þá eru hluti af hnattvæðingunni sem hefur haft mikil áhrif á matarkerfi víða um heim og endurspeglast þau áhrif innan margra samfélaga. Sem dæmi um slík hnattræn áhrif á matarkerfi má nefna aukið framboð og aðgang að mat, breytingar á matarframleiðslu, öflun matar og dreifingu en allt getur þetta breytt

matarmenningu, neyslumynstri og næringarlegri stöðu fólks. Afleiðingar hnattvæðingarinnar birtast því á ýmsum sviðum samfélaga og endurspeglast í lífi fólks víða um heim. Sem dæmi um keðjuverkandi áhrif sem hnattvæðingin getur haft má nefna breytingar á landbúnaðarkerfum. Slíkar breytingar geta haft áhrif á tegundir, magn, verð og ágæti matar sem síðan hefur aftur áhrif á líf fólks. Það er því óhætt að fullyrða að hnattrænna áhrifa gætir víða og ekki síst í mataræði fólks (Kennedy, Nantel og Shetty, 2004).

Að mati Hawkes (2006) hefur sambandið á milli mataræðis og hnattvæðingar ekki verið nægilega mikið rannsakað, þótt bent hafi verið á ýmis atriði sem telja má grundvallaratriði í því sambandi. Má þar nefna mikil viðskipti með mat og þróun reglugerða og stofnanna sem stýra framleiðslu, viðskiptum, dreifingu og markaðsetningu á mat. Ennfremur ber að nefna þéttbýlismyndun, menningarlegar breytingar, þróun stórmarkaða, erlendar fjárfestingar og auglýsingar. Til að finna nákvæmt samband milli þessara ólíku þátta og mataræðis, þarf að leita í þær flóknu og margþættu víxlverkanir sem finna má á milli hnattrænna hagfræði annarsvegar og heilsu hinsvegar. Það minnir aftur á lífmenningarlega sjónarhornið sem hér hefur verið fjallað um og áhersluna á mikilvægi þess að tekið sé tillit til mismunandi þátta og samhengis þeirra. Ólík sjónarhorn á viðfangsefnið geta þó orsakað deilur um kosti og galla hnattvæðingar og áhrif hennar á heilsu fólks sem sumir telja jákvæðar en aðrir neikvæðar. Samkvæmt Appadurai (1990) er „einn helsti gallinn við hnattræn samskipti nútímans sú spenna sem getur skapast við þróun til menningarlegrar einsleitni [annars vegar] og menningarlegrar fjölbreytni [hins vegar]“ (bls. 295). Vissulega eru áhrif hnattvæðingar bæði til góðs og illis og það hefur sýnt sig að í sumum tilfellum hefur hún bætt heilsufar fólks en í öðrum tilfellum haft slæm heilsufarsleg áhrif (Hawkes, 2006). Fræðimenn sem hafa fjallað um hnattvæðinguna og afleiðingar hennar, eru margir hverjir sammála um að áhrif hnattvæðingarinnar beri vott um aukinn margbreytileika í veröldinni en ýmislegt bendir til þess að áhrif hnattvæðingarinnar auki á sama tíma einsleitni. Dæmi um það er útbreiðsla skyndibitastaða og hnattræn notkun greiðslukorta (Ritzer, 1998).

Í upphafi kaflans var fjallað um sambandið milli hnattvæðingar og fæðu og gerð grein fyrir merkingum sem lagðar eru í hugtakið hnattvæðing. Helstu

breytingunum sem fylgja hnattvæðingarinnar voru gerð skil og kynnt voru til sögunnar lykilhugtök á borð við næringarlega umbreytingu og aðflutning. Í framhaldi af því var fjallað um meiri tilhneigingu til þéttbýlis og hvernig aðflutningur getur ógnað lífsviðurværi fólks. Þá var sagt frá því að hnattvæðing hefur áhrif á staðbundna neyslu fólks, bæði á jákvæðan eða neikvæðan hátt. Tekið var dæmi af áhrifum aðflutnings á brjóstagið barna sem þykir eitt stærsta heilsufarsvandamál okkar tíma. Jafnframt var greint frá helstu atriðum sem talið er að hafi ollið hnattrænum breytingum. Í næsta kafla verður kafað dýpra í áhrif hnattvæðingarinnar og sjónum beint að menningarlegri útrás sem er betur þekkt sem Vesturlandavæðing.

#### **4. Vestræn áhrif**

Tæknileg framþróun, einstaklingshyggja og vísindi eru stundum talin einkenni vestrænna samfélaga og rakin til Bandaríkjanna og vesturhluta Evrópu. Orðið vestrænt vísar því ekki lengur einungis til landfræðilegrar staðsetningar, því vestræn einkenni finnast nú til dags einnig utan þeirra landa sem flokkast sem vestræn. Dreifing og útbreiðsla á vestrænni menningu og einkennum hennar er það sem í daglegu máli kallast Vesturlandavæðing og skírskotar einnig til þess þegar önnur samfélög og einstaklingar sækjast eftir og tileinka sér hið vestræna. Á meðal þess sem þykir vestrænt eru til að mynda hugmyndir um staðlaðan lífstíl og bandarísk neyslumenning. Vestræn næringar- og matarmenning einkennist af hveiti- og mjólkurafurðum, tilbúnum mat, kjötmeti og unnum vörum á borð við fransbrauð og hvít hrísgrjón. Útbreiðsla og aðlögun samfélaga og fólks að slíku mataræði er það sem kallast fæðutengd Vesturlandavæðing og er afleiðing þeirra vestrænu áhrifa sem falla inn í innfædda matarmenningu (Uusitalo, Sobal o.fl., 2004). Annað orð yfir þetta er fæðutengdur aðflutningur en þegar hefur verið fjallað um hugtakið aðflutning (Leatherman og Goodman, 2005b; Peltó og Peltó, 2000).

Nú til dags má finna orðið „væðing“ mjög víða. Við lifum á hnattrænum tímum sem einkennast meðal annars af tæknivæðingu, nútímavæðingu, Vesturlandavæðingu, hamborgara- og Kóka-kólavæðingu og sjúkdómsvæðingu.

En hvað þýðir þetta alltsaman, hvað er hamborgaravæðing og hvað er Ameríkuvæðing?

Í þeim hraða nútíma sem við lifum á streyma upplýsingar, varningur og menningarlegar afurðir af ýmsu tagi frá Bandaríkjunum og öðrum vestrænum löndum í mun meira magni en áður var til hinna ýmsu landa í heiminum. Samkvæmt George Ritzer (1998) er nú stór hluti af heiminum Ameríku- og Vesturlandavæddur. Mörg ríki urðu móttækilegri fyrir slíku eftir hrun kommúnismans.

Stórmarkaðir, McDonalds og aðrir skyndibitastaðir sem sérhæfa sig í hamborgurum og öðru þvíumlíku eru að mestu leyti, ef ekki algjörlega, bandarískt fyrirbæri en útflutning á því er hægt að kalla hamborgaravæðingu eða Ameríkuvæðingu en þessi hugtök eru nátengd (Ritzer, 1998). Talið er að fimm nýjir McDonalds staðir opni á hverjum degi og fjórir af þeim utan Bandaríkjanna. Vörumerkið er það allra þekktasta í heiminum í dag, jafnvel þekktara en Kóka-kóla enda er markmið keðjunnar að ná til allra króka og kima veraldarinnar og skapa þar með staðlaða og alþjóðlega menningu sem jarðarbúar geta gengið að vísri hvar og hvenær sem er. Eric Schlosser (2001) líkir keðjunni við tótem sem sé lýsandi fyrir efnahagslega þróun Vesturlanda og vitnar í mannfræðinginn Yunxian Yan sem hefur greint frá því að íbúar Peking líti á McDonalds sem tákngerving Bandaríkjanna og loforð um nútímavæðingu. Samkvæmt honum er Kóka-kóla drykkurinn og maturinn sem McDonalds býður upp á eftirlæti barna í Peking. Ennfremur kemur fram að Den Fujita, maðurinn sem flutti keðjuna til Japan, hafi á sínum tíma dreift þeim boðskap markvisst til samlanda sinna að – líkt og máltakið „þú ert það sem þú borðar“ gefur til kynna – yrðu Japanir hávaxnari og ljósari á húð og hár af því að borða matinn sem er á boðstólum hjá McDonalds. Vörumerki skyndibitakeðjunnar er þannig holdgervingur Bandaríkjanna, sem hafa aftur markaðsett sig sem land tækifæranna.

### ***Ameríska innrásin***

Eins og fram kemur í bók George Ritzer (1998) er ameríska innrásin í fullum gangi um allan heim; amerískar hugmyndir, aðferðir, siðir, matar- og drykkjarvenjur, klæðaburður, skemmtanir, félagsmynstur og svo framvegis hafa

nærri alls staðar áhrif. Þess má geta að þegar stóð til að flytja Kóka-kóla drykkinn til Frakklands á sínum tíma efndi ákveðinn hópur fólks til mótmæla gegn Kóka-kólavæðingunni eða öllu heldur Ameríkuvæðingunni. Ástæðan var sú að þessi hópur taldi drykkinn ógna franskri menningu. Þrátt fyrir mótmælin var drykkurinn fluttur inn árið 1949 og í þessu tilfalli virðist sem frönsk kaffihúsamenning hafi haldið einkennum sínum að mestu. Að mati Ritzer (1998) er það þó nákvæmlega þetta sem getur verið „hættulegt“ við McDonaldsvæðinguna, það er að segja að þjóðir glati sínum sérkennum. Einmitt þetta er einkennandi fyrir McDonaldsvæðinguna, hún ógnar þjóðlegum einkennum og leiðir til menningarlegrar einsleitni. Það er ekki nóg með að hamborgarar og franskar kartöflur tröllríði nú heiminum, heldur hafa aðrar þjóðir ennfremur aðlagð sig að amerískum matarsíðum sem samkvæmt Ritzer (1998) þýðir að borða á hlaupum. Það er allt gert til að auðvelda fólki lífið og því minni tími sem fer í undirbúning og neyslu á mat, því betra. Víða hafa svo sprottið upp nýjar skyndibitakeðjur sem byggja á svipaðri hugmyndafræði og rekstraraðferðum þótt þær séu ekki bandarískar. Þetta má til dæmis finna í Asíu en þar og þá sérstaklega í Austur- og Suðaustur Asíu. Þar er nú algengt að sjá innlendar keðjur sem selja hamborgara og gosdrykki (Pingali, 2006).

## **Neyslumening**

Ritzer (1998) hefur rannsakað ameríska menningu og þá sérstaklega skyndibitavæðingu, greiðslukortanotkun og neyslumeninguna. Hann hefur bent á að úr ameríska neyslusamfélaginu hafi sprottið nýjar leiðir til neyslu. Þessa neyslu má meðal annars finna á skyndibitastöðum og með notkun greiðslukorta en hún finnst ennfremur í verslunarkeðjum, stórmörkuðum og verslun á Internetinu sem fer fram hvar og hvenær sem er um allan heim. Featherstone (1991) lítur svo á að í kjölfar breytinga á kapitalísku samfélagi hafi áherslurnar breyst frá því að snúast um framleiðsluna og í að snúast um neysluna. Verksmiðjur og framleiðsla hafa nú flust úr kapitalískum samfélögum sem í kjölfarið hafa snúið sér að því að stjórna neyslu, hugmyndum og athöfnum neytenda.

Nú þegar framleiðsla er í hámarki og ódýrar vörur eftirsóttar, beinast sjónir að því að fá fólk til þess að neyta meira en áður og sækjast eftir fjölbreyttari vöru

(Ritzer, 1998). Hinar nýju neysluleiðir snúast beinlínis um að hvetja fólk til að neyta, bæði eins mikið og eins oft og það vill. Það er líka ýmislegt gert til þess að auðvelda fólki neysluna. Greiðslukort gera það að verkum að fólk eyðir meira en það ætti að gera og jafnvel peningum sem það á ekki til. Skyndibitastaðir bjóða upp á óhollan mat með miklum sykri, salti og kólesteróli. Verslunarmiðstöðvar auðvelda fólki innkaup með því að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu á einum stað. Þannig er fólk lokkað til að kaupa vörur sem það þarf ekki endilega á að halda. Ofan á allt saman býður Internetið upp á sólarhringsaðgang að verslun út um allan heim sem gerir það að verkum að fólk þarf ekki einu sinni að fara út úr húsi til þess að versla. Kapítalisminn er grundvöllur hinna nýju neysluleiða, því til þess að halda efnahagskerfinu gangandi er mikilvægt að neytendur versli og helst meira en þeir hafa ráð á. Mikið fjármagn er síðan sett í það að auglýsa vörur, t.d. gosdrykki, sælgæti og skyndibitamat, með það að markmiði að tæla fólk til þess að neyta meir. Þessar vörur eru í ofanálag víða fáanlegar fyrir lítinn aur og þeim stillt upp svo viðskiptavinurinn sjái þær vel. Einstaklingar sem hafa takmörkuð fjárráð eru því gjarnir á að kaupa matvöru af þessu tagi (Leatherman og Goodman, 2005b). Við lifum á tímum þar sem stöðugt er verið að finna upp á nýjum neysluleiðum. Þessi þróun er ekki eingöngu að gjörbylta bandarísku samfélagi, heldur er unnið markvisst að því að flytja þessar neysluvenjur til annarra þjóða, svo hægt sé að fá fólk þar til þess neyta eins og Bandaríkjamenn gera. Það er ekki nóg með að þessi neysluútrás sé mikilvægur hlekkur í efnahagslegum markmiðum, heldur er, samkvæmt Ritzer (1998), einnig um menningarlega heimsvaldastefnu að ræða .

### ***Mexíkó og áhrif ferðamannaíðnaðarins***

Samfélög Maya indíána sem búa í Quintana Roo á austurhluta Yucatanskagans í Mexíkó eru ágætis dæmi um þessa þróun. Reynsla þeirra rennir enn fremu stoðum undir það sem hér hefur komið fram um aðflutning (Pelto og Pelto, 2000) og næringarlega umbreytingu (Lang, 1999). Fyrir ekki alls löngu var samfélag þeirra einangrað. Á svæðinu þar sem þeir búa skín sólin nánast alla daga ársins, þar finnast fallegar strendur, sjórinn er túrkíslitur og þar er að finna merkilegar fornleifar Maya indíána. Pólítískur stöðugleiki og ódýrt vinnuafl voru til staðar en

svæðið þótti þó eitt það vanþróaðasta í Mexíkó. Í ljósi þess sem hér hefur verið talið upp þótti Quintana Roo hafa alla burði til að verða fyrst flokks ferðamannastaður. Það var svo um miðbik síðustu aldar sem straumur ferðamanna til Mexíkó hófst en lögð var áhersla á nývæðingu, uppbyggingu og svæðisbundna þróun til að lokka að fleiri ferðamenn (Daltabuit og Leatherman, 1998).

Í hinum svokölluðu þróunarlöndum má finna loftslag, landslag og menningu sem mörgum Vesturlandabúum þykir framandi og eftirsóknarverð. Í Mexíkó og víða annars staðar í heiminum, þá sérstaklega í óiðnvæddum löndum, er ferðamennska því vaxandi iðnaður en Mexíkó er í sjötta sæti á lista yfir þau lönd sem draga til sín flesta ferðamenn. Í ljósi þess að ferðamannaiðnaðurinn getur af sér ný störf og er áhrifarík leið fyrir þjóðir til að komast yfir erlent fjármagn og stuðla þannig að efnahagslegri þróun hafa mörg ríki gert allt sem í þeirra valdi stendur til að styðja við hann. Cancun er ein helsta ferðamannaborg Mexíkó en sú borg hefur á aðeins um þrjátíu árum breyst úr litlu sjávarþorpi á Yucatan skaga við karabíska hafið í „ferðamannaparadís“ sem dregur að gífurlegt fjármagn. Þangað koma á ári hverju tvær milljónir ferðamanna en 91% af þeim eru Bandaríkjamenn (Daltabuit og Leatherman, 1998; Leatherman og Goodman, 2005a; Leatherman og Goodman, 2005b).

Ferðamannaiðnaður eins og við þekkjum hann í dag, varð til í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar en nú til dags ferðast milljónir manna á ári hverju heimshornanna á milli. Gríðarlegum fjárhæðum er varið í samgöngur, hótél, bílaleigur, ferðaskrifstofur o.fl. af því tagi. Þrátt fyrir að iðnaðurinn sé vissulega einn mikilvægasti hlekkurinn í efnahagslegri þróun óiðnvæddra landa eru það oftast erlendir aðilar og fjölþjóðleg stórfyrirtæki sem hagnast mest. Þetta þýðir meðal annars að þátttaka heimamanna er í lágmarki og ekki er tekið tillit til þeirra afleiðinga sem ferðamennskan hefur á samfélag og umverfi (Daltabuit og Leatherman, 1998).

Mannfræðingar sem hafa rannsakað ferðamannaiðnaðinn eru ekki á eitt sáttir um áhrif hans á samfélög gestgjafa. Í því samhengi hefur t.d. verið talað um arðrán og valdaójafnvægi milli gesta og gestgjafa og að túrismi sé í raun tákmynd fyrir hreina og beina heimsvaldastefnu. Aðrir vilja meina að ferðamannaiðnaðurinn sé til í nokkrum útgáfum og geti haft mismunandi áhrif

sem geti líka verið jákvæð. Í ofanálæg hefur verið fjallað um það að ferðamannaíðnaður af ákveðinni stærðargráðu, svipað því sem hefur átt sér stað í Cancun, sé í þágu allra sem hlut eiga að máli. Þó að vissulega geti túrismi haft víðtæk og skaðleg áhrif er víða litið svo á að hann sé farvegur breytinga á sviði menningar og efnahags sem síðan getur stuðlað að þróun og hagvexti (Long, 2004). Það fer ekki fram hjá ferðamönnum hvernig matarsíðir og vörumerki breiðast út um heiminn en með því að ferðast stuðlum við ennfremur að slíkri útbreiðslu. Við tökum það sem okkur líkar og aðlögum að okkar menningu. Matarvenjur eru eitt af því sem getur haft varanleg áhrif á samfélög gestgjafa (Lang, 1999). Í þessu samhengi er vert að minna á það sem áður hefur verið greint frá, að Bandaríkjamenn eru um 91% þeirra gesta sem sækja Mexíkó heim og því ekki við öðru að búast en að neyslumenning þeirra hafi haft áhrif á land og samfélög Maya indíána og annarra.

Hefðbundinn matur í samfélagi Maya indíána var áður fyrir hunang, baunir, maís, villt kjöt og rötargrænmeti en slík fæða er mun næringarríkari en vestrænt fæði á borð við unnar hveitiafurðir, gosdrykki og skyndibíamat. Nú til dags einkennast neysluvenjur Maya indíána í auknum mæli af aðfluttri fæðu. Jafnframt hefur neysla á staðbundnum og hefðbundnum mat snarminnkað. Þessar breytingar á neysluvenjum fólks urðu áberandi á 10. áratug síðustu aldar en nú er svo komið að vörur sem hafa alla tíð verið helstu framleiðsluvörur samfélagsins og meginuppistaðan í fæðu fólks á þessu svæði eru líka aðfluttar. Slíkar breytingar á staðbundnu matarkerfi haldast gjarnan í hendur við aðrar breytingar í samfélaginu. Hætta er á því að landbúnaðarframleiðsla fari minnkandi. Á þessu svæði hefur orðið þróun í átt frá sjálfbærni til markaðsbúskapar. Breytingar á landbúnaðarkerfinu hafa síðan áhrif á störf fólks en óhætt er að segja að ferðamannaíðnaðurinn taki líka sinn toll. Æ fleiri einstaklingar fara út á vinnumarkaðinn til að sjá fyrir sér og sínum en það á sérstaklega við um unga fólkið, sem þykir oft eftirsóknarverðara að starfa í ferðamannaíðnaðinum en í erfiðisvinnu á ökrunum. Þannig verða breytingar á hefðbundnu fjölskyldumynstri sem í augum eldra fólksins þýðir upplausn á gildum og síðum fjölskyldunnar (Daltabuit og Leatherman, 1998; Leatherman og Goodman, 2005b).



Rannsóknir sem hafa verið gerðar á þróun ferðamannaiðnaðarins á Yucatan skaganum hafa m.a. sýnt að umhverfisauðlindir hafa verið söluvöruvæddar. Sömu sögu er að segja af störfum fólks og matvælum sem framleidd eru. Á sama tíma verða stöðutákn innan samfélagsins í auknu mæli vestræn og upplausn á sviði umhverfis, atvinnulífs, menningar og heilsu verður þannig óumflýjanleg. Menningar- og þjóðernisleg sjálfsmynd fólks tekur breytingum auk þess sem upprunalegri og hefðbundinni kunnáttu er ógnað. Þannig eru áhrif ferðamannaiðnaðarins gífurleg bæði á menningar- og félagslíf og umhverfið, næringarstöðu fólks og heilsu. Með tilliti til þeirra menningar- og félagslegu breytinga sem fylgja í kjölfar þróunar á sviði ferðamannaiðnaðarins kemur því ekki á óvart að mataræði fólks og matarkerfi taki breytingum (Pelto, 2000). Þetta þýðir að fólk í gestgjafasamfélögum sem í þessu tilfalli er Cancun eða Quintana Roo, fer í auknum mæli að innleiða söluvöruvæddar vörur inn í mataræði sitt. Slíkar vörur eru oftast en ekki aðfluttar frá vestrænum löndum og innihalda óholla fitu, sykurlaugar og hveiti sem síðan getur leitt til slæmrar næringarstöðu og heilsu (Daltaubuit og Leatherman, 1998; Leatherman og Goodman, 2005b).

Kóka-kólavæðingin í Mexíkó er dæmi um innleiðingu á söluvöru- og auglýsingarvæddri vöru. Talið er að Mexíkóar drekki að meðaltali eina flösku af gosdrykkjum á borð við Kóka-kóla eða Pepsi á degi hverjum. Sú staðreynd gerir það að verkum að þjóðin er einn stærsti neytendahópur slíkra drykkja í heiminum og því augljóslega mjög mikilvægur viðskiptahópur. Í ljósi þess hversu vinsælir slíkir drykkir eru, hafa fyrirtækin sem selja þá, háð svokallað kóla-stríð en þar er keppst við að ná sem stærstum viðskiptahópi og selja sem flesta drykki. Markmið fyrirtækisins sem framleiðir Kóka-kóla drykkinn er að viðskiptavinurinn geti gengið að því vísu að hægt sé að kaupa drykkinn í borgum og bæjum, óháð stærð og stund (Goodman og Leatherman, 1998; Leatherman og Goodman, 2005a).

Í kjölfar þeirra samfélagslegu breytinga sem hafa riðið yfir Mexíkó er mataræði ríkra og fátækra mjög ólíkt. Þá er mikill munur á neysluvenjum þeirra sem búa í þéttbýli og þeirra sem búa í dreifbýli. Hér kemur hraði hnattvæðingarinnar við sögu en þessar breytingar hafa átt sér stað á mjög stuttum tíma. Þess ber að geta að slíkar breytingar geta kristallast á mismunandi vegu

innan samfélagsins, eftir því hvort um er að ræða fjárhagsleg jaðarsvæði í dreifbýli eða nútímaleg í þéttbýli. Hin dæmigerða landsbyggðarfjölskylda Mexíkó fær um 60-80% af hitaeiningum úr maísafurðum. Ennfremur eru baunir, óunninn sykur og fita mikilvæg uppspretta næringarefna og hitaeininga. Nú til dags er þó að verða mun algengara að fólk skipti út baunum fyrir pasta og hrísgrjón. Þetta getur leitt til próteinskorts sem er sérstaklega slæmt fyrir börn. Í kjölfar umræddra breytinga sem hafa meðal annars haft áhrif á landbúnaðarstörf, þurfa nú margar fjölskyldur sem áður voru svo gott sem sjálfbærar, að kaupa inn matvöru. Það bitnar svo á næringarlegri stöðu fólksins (Pelto, 2000).

Eins og áður hefur verið fjallað um getur aðflutningur matvæla ógnað staðbundinni neyslu fólks, líkt og átti sér stað í Guatemala og hér hefur verið greint frá. Þetta hefur líka átt sér stað í Mexíkó en þrátt fyrir að þar sé nóg af dýrum sem gefa af sér kjöt og mjólk eru slíkar afurðir einfaldlega of dýrar til að íbúarnir hafi tök á því að kaupa þær. Þeir njóta því ekki góðs af þessari næringu. Afurðirnar eru hreinlega of verðmætar og því eru þær seldar. Það kemur sér einkar vel fyrir íbúa þéttbýlisins sem búa fjarri framleiðslunni en bitnar á næringarstöðu landsbyggðarfólksins sem kaupir aðfluttar og jafnvel næringarsnaugar vörur fyrir ágóðann af sölu næringarríkra landbúnaðarafurða. Eins og Pelto (2000) bendir á, er þetta átakanleg staðreynd um lífið í þróunarlöndunum. Þar býr fólk innan um dýrmætar framleiðsluvörur sem það fær þó ekki að njóta góðs af, ólíkt þeim sem búa í þéttbýli og hafa tök á að neyta fjölbreyttari og næringarmeiri fæðu. Að sjálfsögðu finnast heilsufarsleg vandamál á öðrum svæðum og í öðrum löndum, hvort sem þau teljast til iðnvæddra eða óiðnvæddra ríkja, þéttbýlis eða dreifbýlis en í næsta kafla sem fjallar um heilsufarslegar afleiðingar verður nánar fjallað um það.

Í kjölfar hnattvæðingarinnar hafa orðið breytingar á samfélögum um allan heim en Vesturlandavæðing, Ameríkuvæðing og skyndibitavæðing eru hluti af þeim hnattrænu breytingum sem nú ganga yfir heiminn. Í kaflanum voru umræddar „væðingar“ krufðar og fjallað um áhrif þeirra á samfélög og fólk. Greint var frá nýjum neysluleiðum sem auðvelda fólki að tileinka sér vestræna síði og vestræna matarmenningu, sérstaklega þá sem finnst á skyndibitastöðum. Í framhaldi af því var tekið dæmi um áhrif hnattrænna breytinga, aðflutnings og

ferðamannaíðnaðar á samfélög Maya indíána. Matarvenjur þeirra hafa heldur betur raskast á undanförunum áratugum. Þetta hefur haft slæm áhrif á næringarstöðu og heilsufar bæði meðal Maya indíána og annarra hópa í öðrum samfélögum. Í næsta kafla verður kafað dýpra í áhrif sem hnattrænar breytingar geta haft á heilsufar fólks.

## 5. Heilsufarslegar afleiðingar hnattrænna breytinga

Merking orðsins heilbrigði er afstæð, heilbrigði fyrir mér er ekki endilega það sama og heilbrigði fyrir öðrum einstaklingi, hvort sem viðkomandi tilheyrir mínu eigin samfélagi eða ólíku samfélagi í erlendu landi (Freund og McGuire, 1995). Hægt er að líta á heilbrigði annaðhvort sem markmið eða leið að ákveðnu takmarki en þrátt fyrir að fræðimenn séu margir hverjir ósammála um merkingar heilbrigðis, eru flestir þó sammála um að vinna þurfi gegn hindrunum sem standa í veginum fyrir heilbrigði. Hindranir geta verið á sviði umhverfis, líffræði og fjölskyldu og verið af félagslegum eða persónulegum toga (Hermann Óskarsson, 2005).

Eins og þegar hefur verið fjallað um hafa hnattrænar breytingar dunið á samfélögum heimsins undanfarna áratugi með miklum hraða og sýnt hefur verið fram á fylgni milli þjóðfélagsbreytinga og heilsu. Á tímum iðnbyltingarinnar og þegar þjóðríki á Vesturlöndum þróuðust, breyttist heilsufar fólks og sjúkdómsmynstur. Fyrir breytingar var tíðni frjósemi og andláta há en sjúkdómar af völdum sýkinga og hungursneyða voru helstu dánarorsakir. Í kjölfar breytinganna varð frjósemi aftur á móti lág og sjúkdómar af mannavöldum helsta dánarorsök (Hermann Óskarsson, 2005; Brown og Konner, 2000). Líkt og kom fram í kaflanum um pólitíska hagfræði heilsurammans var það á þessum tíma sem áhugi manna á sambandi félags- og líkamlegs umhverfis og heilbrigðis, sjúkdóma og dánartíðni kviknaði (Himmelgreen og Crooks, 2005). Þessi umskipti hafa nú þegar gengið yfir helstu iðnríki heimsins og eru einnig byrjuð að hafa áhrif í þeim löndum sem gjarnan teljast til þróunarlandanna.

Abdel R. Omran (1979) hefur fjallað um heilbrigði og sjúkdóma í tengslum við þjóðfélagslegar breytingar. Samkvæmt honum hafa orðið faraldursfræðileg umskipti á heilsu fólks og sjúkdómsmynstrum en helstu

áhrifavaldar eru lýðfræðilegir, félagslegir og hagfræðilegir þættir. Í ljósi þess hefur hann flokkað þessar breytingar í þrjú söguleg tímabil sem miðast við Vesturlönd. Í fyrsta lagi er tímabil farsóttu og hungursneyða sem herjuðu á fólk fyrir árið 1750. Í öðru lagi er tímabil víkjandi farsóttu, frá 1750 og að aldamótunum 1900. Að lokum er tímabil hrönnunarsjúkdóma og sjúkdóma af mannavöldum sem hófst um 1900 og virðist enn standa. Í hinum svokallaða þriðja heimi hefur svipuð þróun átt sér stað, þó þar hafi breytingarnar ekki orðið jafn hratt (Hermann Óskarsson, 2005).

Matarvenjur samfélaga ráða miklu um þau næringartengdu vandamál sem hrjáð geta fólk. Í auðugum samfélögum sem einkennast gjarnan af allsnægtum og neyslu matvæla sem innihalda salt, sykur, hveítiafurðir og dýrafitu er algengt að matarvenjur séu bágbornar. Að vissu leiti hefur mataræði okkar skánað hvað fjölbreytni, næringu og hollustu varðar en á sama tíma einnig versnað. Samkvæmt Freund og McGuire (1995) er almennt litið svo á að matarvenjur falli undir okkar persónulega val en það er þó bara tilfellið upp að vissu marki, því við verðum fyrir áhrifum af félags-menningarlegum og hagrænum þáttum sem móta það hvernig við borðum.

### ***Faraldur offitu og sykursýki***

Mataræði fólks og umhverfið sem það býr í helst gjarnan í hendur en sama er að segja um líffræðilega samsetningu fólksins og val á mat. Sem dæmi má nefna að í Kína hafa mjólkurvörur lengst af ekki þótt henta til manneldis, enda hefur mjólkuróþol verið mjög algengt þar. Þó hefur þar neysla á mjólkurvörum aukist undanfarið (Wiley, 2007). Ennfremur er algengt að fólk taki upp ákveðna matarsíði af þeirri einföldu ástæðu að það hentar betur samfélaginu.

Utanaðkomandi öfl, líkt og hnattrænar breytingar eða vestræn áhrif, geta þannig ógnað staðbundnum síðum eða matarhefðum og skapað næringartengd vandamál. Dæmi um slíkar breytingar má nú finna um allan heim. Sykursýki var til að mynda ekki algeng meðal veiðimanna og safnara í Norður-Ameríku fyrir örfáum áratugum síðan. Þar þótti fallett að vera þéttvaxinn en lífstíll þeirra og umhverfi og yfirvofandi möguleiki á fæðuskorti varð til þess að líkamar þeirra birgðu auðveldlega fitu. Þegar hnattrænar breytingar og aðflutningur matvæla hófu

innreið í samfélag þeirra, breyttist bæði lífstíll þeirra og matarvenjur með þeim afleiðingum að fæðuinntaka jókst en líkamar þeirra brenndu minni fitu og tíðni sykursýki jókst eftir því (Freund og McGuire, 1995).

Líkt og Kleinman og Kleinman (1999) benda á og vísa í óteljandi dæmi því til stuðnings eru hnattrænar breytingar og áhrif þeirra á heilsufar fólks oft ekki af hinu góða. Ennfremur hefur fjöldi mannfræðilegra rannsókna um þetta efni sýnt fram á að vannæring fólks eykst í kjölfar breytinganna (Messer, 1984). Svo virðist einnig sem íbúar í fátækari löndum heims, og þá sérstaklega í dreifbýli, séu í sérstökum áhættuhópi. Í ljósi þeirra breytinga sem hér hefur verið greint frá hefur neysla á heildarfjölda hitaæininga ásamt aðgangi að fjölbreyttri næringu hríðversnað í kjölfar þess að hefðbundin kerfi lífsviðurværis hafa raskast (Pelto og Pelto, 2000).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að hnattrænar breytingar hafa ótvíræð áhrif á heilsu fólks og sjúkdómstíðni í vestrænum löndum. Það sem er sérstaklega áhugavert er að sömu kvillar og hrjá nú fólk í ríkum mæli í Evrópu og Bandaríkjunum finnast ekki eða eru mjög fátíðir í óvestrænum samfélögum. Aftur á móti eykst tíðni þessara heilsufarslegu kvilla og sjúkdóma ef samfélagið verður fyrir vestrænum áhrifum, nývæðingu og hnattrænum breytingum. Þessi heilsufarslegu vandamál eru t.d. krabbamein, æðahnútar, blóðtappi, kransæðastífla, of hár blóðþrýstingur, magasár, botnlangabólga, sykursýki og offita (Helman, 1997).

Næringarleg vandamál geta bæði orsakast af of lítilli eða of mikilli næringu og er annars vegar talað um vannæringu og hins vegar umframnæringu. Umframnæring er tiltölulega ný af nálinni og skírskotar til óhóflegrar neyslu á ákveðnum vítamínum eða hitaæiningum. Hún getur haft jafn skaðlegar afleiðingar og vannæring (Encyclopædia Britannica online, 2008). Umfram næring getur til að mynda valdið offitu sem í dag er vaxandi vandamál í mörgum samfélögum víða um heim (Quandt, 1996). Nú þegar hefur verið greint frá samfélagi veiðimanna og safnara í Norður-Ameríku og hvernig líkamar þeirra þróuðu hæfni til að birgja fitu. Spendýr eru feit dýr en ólíkt öðrum spendýrum sem nota fituna sína til þess að halda á sér hita er fita okkar mannfólksins notuð sem orkugjafi (Brown og Konner, 2000). Mannfræðingar hafa bent á að tegundin okkar, *Homo*

*sapiens* safni sér varabirgðum af fitu til þess að eiga þegar tímabil fæðuskorts ganga yfir en slík tímabil voru algeng í samfélögum fólks fyrr á öldum. Líkamar okkar tegundar hafa tók á að stækka fitufrumur sínar og framleiða nýjan fituvef en talið er að fæðuskortur hafi valdið sterku náttúruvali í átt að betri orkunýtingu sem í dag er talinn einn orsakavaldur að offitu. Hin sterku tengsl offítu við nútímavæðingu gefur til kynna að eiginleikinn til að geyma umframorku sem fitu sé sameiginlegur öllu mannkyninu og því má segja að fæðuskortur styrki tilgátuna um þróun offítu (Quandt, 1996).

Margar rannsóknir benda til þess að nývæðing og hnattrænar breytingar séu mikill áhrifavaldur þegar kemur að offítu og vandamálum tengdum henni. Þó til séu vísbendingar um að einhver tengsl séu á milli offítu og erfða hefur genamengið þó nánast haldist óbreytt síðastliðin 20 ár. Það gefur til kynna að sú aukning sem hefur átt sér stað á offítu fólks á þeim tíma eigi rætur að rekja til utanaðkomandi þátta líkt og menningar, umhverfis og næringar (Crooks, 2003). Ennfremur hefur verið sýnt fram á að af þeim vestrænu sjúkdómum sem geta herjað á fólk í samfélögum sem eru að þróast í átt til vestrænnar menningar er algengast að offíta komi fyrst fram. Einstaklingur sem þjáist af offítu er í áhættuhópi fyrir aðra sjúkdóma, því meiri líkur eru á því að sá aðili fái aðra sjúkdóma á borð við sykursýki, hjarta- og æðasjúkdóma auk krabbameins (Popkin, 2006; Quandt, 1996). Þó það liggi beinast við að tengja saman mataræði og offítu grunar Brown og Konner (2000) að tengslin séu flóknari og margþáttaðri en svo. Hér kemur lífmenningarlega sjónarhornið aftur við sögu og áherslan á að leita að fleiri en einni orsök. Til dæmis getur vel svo verið að hraði breytinganna úr hefðbundnu og jafnvel „frumstæðu“ mataræði og yfir í fjölbreytta og framandlega fæðu sem rík er af sykri, fitu og slíku hafi einhver áhrif. Allsnægtir og fjölbreytni í fæðu er þó ekki eini orsakavaldurinn, heldur getur samsetning fæðunnar einnig valdið offítu (Quandt, 1996). Þegar samfélög verða fyrir vestrænum áhrifum er algengast að sykur, kjöt og neysla á unnum hveitiafurðum aukist en neysla á hollum trefjum á borð við hafra minnki (Helman, 1997). Líkt og komið hefur fram er neysla á trefjum mjög mikilvæg og þá sérstaklega fyrir vöxt og þroska barna.

Á Yucatan skaganum í Mexíkó hefur tíðni offitu aukist um 50% og því má segja að um nokkurs konar offitufaraldur sé að ræða. Sama er að segja um tíðni sykursýki en það er annar sjúkdómur sem hægt er að tengja við umframnæringu og er í hópi þeirra kvilla, eða sjúkdóma, sem draga flesta til dauða á þessu svæði. Leatherman og Goodman (2005b) hafa bent á að orsakir þessara sjúkdóma verði að setja í samhengi við undangegnar breytingar og að mikilvægt sé að taka tillit til þeirra menningarlegu þátta sem hafa haft áhrif á breytt mataræði og matarkerfi en fyrrnefndur ferðamannaíðnaður er gott dæmi um það. Maya indíánar á Yucatan skaganum hafa í gegnum tíðina frekar búið við vannæringu en umframnæringu og því er þetta nýtilkomna vandamál sérstaklega áhugavert. Það er kaldhæðnislegt að hugsa til þess að fólk þjáist í senn af vannæringu og allsnægtasjúkdómum (Pelto, 2000).

Rannsóknir hafa sýnt að börn á svæðinu hafa hækkað og þungst þrátt fyrir vísbendingar um að þau búi við vannæringu. Það bendir m.a. til þess að gæðum fæðunnar sé ábótavant og að hún sé of hitaeningarík. Í ljósi þess er hægt að tala um „tvíeggja sverð vannæringar“ – vannærð börn vaxa úr grasi og verða of feitir einstaklingar. Samkvæmt Leatherman og Goodman (2005b) tengist þetta vandamál aðflutningi og þeim hnattrænu breytingum sem hér hefur verið greint frá auk þess sem ferðamannaíðnaðurinn hefur haft sitt að segja.

Verslunarvöruvæðing á matvörum hefur það í för með sér að aðgengi fólks að fjölbreyttum vörum eykst en í ljósi þess að ekki hafa allir innan samfélagsins jafnan aðgang að slíkum vörum verða til næringar- og heilsufarsleg vandamál sem hér eru til umfjöllunar. Vörur á borð við smákökur, snakkpoka og gosdrykki hafa verið markaðsettar þannig að þær er víða hægt að nálgast hvort sem er í búðum eða sjálfsölum og þær kosta bara smáaura. Í ofanálag er slíkum sjálfsölum gjarnan komið fyrir í skólum sem auðveldar aðgengi barna að þessum vörum. Rannsókn sem gerð var meðal barna í hefðbundnum samfélögum á Yucatan skaganum sýndi að börn drukku að meðaltali einn gosdrykk á dag og fengu sér auk þess gjarnan poka af einhverskonar snarli með. Í samfélögum við strandlengjuna var þetta vandamál helmingi algengara en það er einmitt það svæði sem dregur að flesta ferðamenn.

Borið hefur á þessu vandamáli víðar en í Mexíkó en rannsókn sem gerð var meðal skólabarna í Kentucky í Bandaríkjunum (Crooks, 2003) greinir frá því að ýmsir þættir hafi áhrif á matarvenjur barna og geti valdið offitu. Má þar nefna fjölskyldumynstur, athafnir og auðvitað næringu. En auk þess hefur markaðsetningu á ákveðnum vörum verið beint sérstaklega að börnum og fjölskyldufólki. Of algengt er að þessar vörur séu lélegar og með lágt næringarinnihald. Þessar vörur eru aðgengilegar í sjálfsölum í skóla líkt og í grunnskólunum á Yucatan skaganum. Því er nokkuð ljóst að menntastofnanir taki í þessu tilfelli virkan þátt í slæmu næringarlegu uppeldi barnanna.

Offita meðal barna er einstaklega alvarleg því líklegra er að börnin festist í vítahring heilsufarslegra kvilla auk þess sem of feit börn eru í áhættuhópi hvað varðar þrálát veikindi á fullorðinsárum. Í ljósi þeirra alvarlegu afleiðinga sem offitufaraldurinn getur haft þarf því að hafa nákvæmt eftirlit með næringarlegu umhverfi barna á skólaaldri hvort sem er í Bandaríkjunum, Mexíkó eða annarsstaðar (Crooks, 2003).

Annar sjúkdómur sem bæði hefur komið fram á Yucatan skaganum og á öðrum svæðum um allan heim er sykursýki en hún helst gjarnan í hendur við offitu. Orsakir þessara heilsufarslegu vandamála er hægt að rekja til neyslumynstur fólks sem einkennist nú í auknu mæli af næringarsnauðri fæðu sem enn fremur hitaeningarík en slík fæða er lýsandi fyrir skyndbitavæðinguna sem hér hefur þegar verið fjallað um (Leatherman og Goodman, 2005b).

Óhætt er að segja í framhaldi af því sem hér hefur verið fjallað um að faraldur sjúkdóma sem eiga rætur sínar að rekja til umframnæringar, Vesturlandavæðingar og túrisma geisi nú á Yucatan skagann en þess ber að geta að offitufaraldurinn fer víðar, því svipað mynstur finnst í Egyptalandi, ýmsum löndum Suður-Afríku og í Bandaríkjunum (Popkin, 2006).

### ***Tengsl mataræðis og krabbameins***

Krabbamein er annar sjúkdómur sem hefur borið mikið á undanfarna áratugi en talið er að einn þriðji af íbúum Vesturlanda eigi það á hættu að fá einhverskonar krabbamein á lífsleiðinni (Morris, 1998). Auk þess hefur komið í ljós að breytt mataræði getur stuðlað að myndun krabbameins en þriðjung af tilfellum má rekja



beint til næringarþátta og mataræðis, þá sérstaklega krabbamein í ristli, maga, vélinda og brjóstum kvenna (Helman, 1997).

Í Bandaríkjunum má rekja um það bil helming krabbameinstilfella beint til umhverfisþátta, næringar, lífstíls og menningar. Ákveðnar fæðutegundir eru taldar vera meira krabbameinsvaldandi en aðrar og skyndibitamatur er þar ofarlega á blaði. Til dæmis er talið að brjóstakrabbamein tengist aukinni neyslu á fitu og þá sérstaklega mettaðri fitu sem finnst í miklu magni í þeirri fæðu sem er á boðstólum hjá skyndibitastöðum. Þó viss fæða sé talin geta valdið krabbameini er sem betur fer líka að finna fæðu sem talin er geta verndað fólk gegn sjúkdómnum en neysla á fersku grænmeti, ávöxtum og trefjum er til að mynda talin geta haft fyrirbyggjandi áhrif (Helman, 1997; Morris, 1998). Auk þess er sú fæða sem var einkennandi fyrir mexíkóskt mataræði, og þá sérstaklega í dreifbýli hér áður fyrr, talin innihalda ákveðin efni sem geti komið í veg fyrir ýmsa sjúkdóma á borð við krabbamein, sykursýki og hjartasjúkdóma. Fólk sem innbyggðir hina hefðbundnu mexíkönsku fæðu dregur því úr líkum á slíkum sjúkdómum. Því er miður að hugsa til þeirrar þróunar sem þar hefur átt sér stað og hér hefur verið fjallað um (Pelto, 2000).

Þetta vandamál er ekki eingöngu að finna í Bandaríkjunum því vestrænir sjúkdómar á borð við krabbamein finnast nú um allan heim. Í hitabeltinu á Papúa Nýju Gíneu hefur Vesturlandavæðingin þegar haft heilsufarsleg áhrif, þó ekki sé langt síðan fólkið þar komst í snertingu við umheiminn. Íbúar þar glíma nú við vestræna sjúkdóma á borð við sykursýki, offitu, hjartasjúkdóma, vímuefnavanda, alnæmi og krabbamein en slíkir sjúkdómar voru áður nánast óþekktir. Eins og víða annars staðar hefur hefðbundið mataræði á Papúa Nýju Gíneu tekið töluverðum breytingum síðan vestræn áhrif fóru að gera vart við sig. Neysla á mjólkurvörum, niðursoðnum fiski og fitu hefur aukist til muna. Auk þess má nú finna þar ýmsar skyndibitakeðjur sem bjóða upp á fituríkan mat. Á vissum stöðum er staðbundin fæða ekki nægilega fiturík og því þykir slíkur matur sérstaklega eftirsóknarverð munaðarvara. Það er því ekki að undra að offituvandamál komi upp á yfirborðið (Kuska, 1999).

Á Papúa Nýju Gíneu hefur brjóstakrabbamein alla tíð verið óalgengt en nú eru vísbendingar um að krabbamein í brjóstum kvenna hafi aukist töluvert og

leggist nú sérstaklega á menntaðar konur sem hafa ekki náð tíðahvörfum og lifa lífi sem einkennist af vestrænum áhrifum. Þó konur í borgum og bæjum séu berskjaldaðri gagnvart vestrænum sjúkdómum búa um 80% íbúa á víð og dreif um landsvæðið í mjög einangruðum þorpum. Í ljósi þeirrar einangrunar sem stór hluti íbúa býr við eru konurnar því ekki eins móttækilegar fyrir vestrænum áhættuþáttum og víða annars staðar þar sem sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar. Sú staða gerir konurnar á þessu svæði að sérstaklega áhugaverðu rannsóknarefni en þörf er á fleiri rannsóknum svo mögulegt verði að hjálpa þessum konum að glíma við sjúkdóminn. Vegna þess hversu ólíkt líf kvenna í dreifbýli og þéttbýli er telja sumir fræðimenn að þarna hafi skapast sérstaklega góðar aðstæður til að mæla bein áhrif Vesturlandavæðingarinnar á líf fólks og heilsufar (Kuska, 1999).

Krabbamein, offita og sykursýki orsakast af mörgum samvinnuðum þáttum en samkvæmt lífmenningarlegu sjónarhorni skipa bæði líffræði og menning þar stórt hlutverk (Morris, 1998). Líkt og þegar hefur komið fram varðandi lífmenningarlega samrunann (Leatherman og Goodman, 2005b) er ekki nóg að líta eingöngu til líffræðilegra þátta, því menning getur sagt okkur heilmikið um eðli og orsakir hinna ýmsu sjúkdóma. Með lífmenningarlega samrunanum má nota styrk líffræðinnar annars vegar og menningarrannsókna hins vegar og sameina þannig þekkingu og nálganir úr ólíkum greinum. Útkomuna úr því má svo nota til þess að leysa ýmis vandamál og auðvelda leitina að orsakavöldum. Þannig er til dæmis hægt að taka fyrir ferli hnattrænna breytinga og skoða hverskonar áhrif þær hafa á líffræði mannsins (Goodman og Leatherman, 1998).

Hinn hnattræni kapítalismi hefur haft það í för með sér að fólksflutningar eru nú algengir, umhverfi okkar er mengað og þeir sjúkdómar sem hér hefur verið fjallað um algengari en áður. Þetta er þó aðeins brotabrot af nýjum áskorunum sem mannkynið stendur frammi fyrir. Nú er svo komið að þessar áskoranir koma í veg fyrir að fjöldi fólks hafi tækifæri og möguleika á að búa í öruggu umhverfi þar sem hægt er að ná endum saman. Rétt eins og Goodman og Leatherman (1998) benda á, er það styrkur mannfræðinnar að hafa innsýn inn í félagslega, líffræðilega og umhverfislega þætti. Líkt og þeir benda á er það lykilatriði til að

reyna að átta sig á staðbundnum veruleika í hnattrænu samhengi og taka tillit til sambandsins þar á milli.

Í kaflanum var fjallað um heilbrigði og samfélagslegar breytingar og greint var frá hugmyndum Omrans (1979) um tengslin þar á milli. Samkvæmt honum lifum við á tímum hrörnuarsjúkdóma og sjúkdóma af mannavöldum. Komið hefur í ljós að hnattrænar breytingar hafa ótvíræð áhrif á heilsu fólks og eru til mörg dæmi því til stuðnings, bæði í iðnvæddum- og óiðnvæddum ríkjum. Hugtökin vannæring og umframnæring voru sett í samhengi við umfjöllunina og í framhaldi af því fjallað um faraldur offitu og sykursýki sem nú er mun algengari en áður var. Í því samhengi var aftur tekið dæmi um Maya indíána. Að lokum var umfjöllun um tengsl mataræðis og krabbameins en það er annar sjúkdómur sem sýnt hefur verið fram á að geti tengst menningarlegum breytingum á borð við hnattvæðingu. Í tengslum við það var vitnað í svæðisbundið dæmi frá Papúa Nýju Gíneu þar sem brjóstakrabbamein er nú mun algengara en áður.

## Lokaorð

Ég hef leitast við að varpa ljósi á hvernig hnattrænar breytingar hafa haft áhrif á mataræði fólks og hverskonar heilsufarslegar afleiðingar þær geta haft í för með sér. Matur og matarvenjur fólks eru ekki einföld fyrirbæri. Um er að ræða menningarleg, líffræðileg, hagræn og vistfræðileg fyrirbæri sem við bæði þörfnumst og höfum ánægju af. Að mínu mati er því lífmenningarlega sjónarhornið einkar gagnlegt við rannsóknir á mat og matarvenjum því þar er tekið tillit til ólíkra þátta. Með því að samræma það besta úr ólíkum greinum verður til grundvöllur fyrir rannsóknum sem miða að því að skoða víxlverkanir og samband líffræði og menningar.

Óhætt er að fullyrða að umfangsmiklar breytingar hafi orðið í kjölfar hnattvæðingarinnar. Þær breytingar kristallast meðal annars í umhverfi okkar, næringu og lífsstíl. Sumar eru jákvæðar og aðrar neikvæðar. Þó ég telji mig hvorki andvíga né fylgjandi hnattvæðingunni geri ég mér grein fyrir því að um kosti og galla er að ræða. Vissulega er menningarleg einsleitni fylgífiskur hnattrænna breytinga en gott dæmi um það er hröð skyndibitavæðingin sem „gerir sig heimakomna“ í borgum, bæjum og sveitum hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Þó hér hafi ég ekki beint sjónum sérstaklega að kostum hnattvæðingar og þeim fjölbreytileika sem hún býður okkur upp á, er nokkuð ljóst að flest njótum við góðs af ýmsu sem hnattvæðingin hefur í för með sér. Aðflutningur á matvörum hefur víða bætt aðgang fólks að fjölbreyttum matvælum sem síðan endurspeglast í bættri heilsu. Ef ekki væri fyrir aðflutning matvæla væru matarvenjur okkar hér á Íslandi til að mynda töluvert frábrugðnar því sem þær eru nú til dags. Þegar um tengsl hnattrænna breytinga og mataræðis er að ræða, er því mikilvægt að huga að stefnumótun svo hægt sé að sporna gegn þeim neikvæðu áhrifum sem aðflutningur getur haft á bæði staðbundna framleiðslu og heilsufarsleg vandamál sem annars geta ógnað okkur en reyna að viðhalda þeim jákvæðu.

Í ritgerðinni lagði ég sérstaka áherslu á þau áhrif sem felast í Vesturlandavæðingunni og Ameríkuvæðingunni. Ástæðan var einfaldlega sú að sjálfri þótti mér þau áhrif víða sjáanleg, bæði hér heima og erlendis. Því langaði

mig að setja þau í samhengi við heilsubresti og skoða hvort þau áhrif væru að einhverju leyti „sjúkdómsvaldandi“. Niðurstaða mín er að sú sé raunin.

Hnattvæðingin hefur í flestum tilfellum kollvarpað staðbundinni neyslumeningu og kynt undir löngun fólks í nýjar og framandi matvöru sem oft á tíðum hefur vafasama innihaldslýsingu. Ef ekki er haldið vel á spöðunum geta afleiðingar hnattrænna breytinga, ferðamannaíðnaðarins og auglýsingavalds stuðlað að miklu og margþættu heilsufarslegu ójafnvægi.

Líkt og ég fjallaði um í fimmta kafla ritgerðarinnar geta þeir heilsubrestir sem hér eru til umræðu verið mjög alvarlegir. Ég tók dæmi um sykursýki, offitu og krabbamein og skoðaði sérstaklega birtingarmynd þeirra í hefðbundnum samfélögum Maya indíána og fólks á Papúa Nýju Gíneu. Þó heilsufarsleg áhrif hnattvæðingar séu víða slæm virðast þau bitna sérstaklega illa á íbúum hefðbundinna samfélaga sem annaðhvort teljast óiðnvædd eða á fjárhagslegu jaðarsvæði. Eins og ég greindi frá í ritgerðinni er eitt stærsta heilsufarsvandamál okkar tíma innleiðing þurrmjólkur í þriðja heims löndum. Til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig þarf að styðjast við lífmenningarlega samrunann, svo hægt sé að taka á heilsufarslegum afleiðingum aðflutnings og hnattrænna breytinga.

## Heimildaskrá

- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, (2009). *10 facts on breastfeeding*. Sótt 9. apríl 2009 af: <http://www.who.int/features/factfiles/breastfeeding/en/index.html>.
- Appadurai, A. (1990). Disjunction and Difference in the Global Cultural Economy. Í M. Featherstone (Ritstj.). *Global Culture: Nationalism, Globalization and Modernity* (bls. 295-310). London: Sage.
- Barnard, Alan. (2000). *History and Theory in Anthropology*. Cambridge: University Press.
- Bisogni, C. A., Connors, M., Devine, C. M. og Sobal, J. (2002). Who We Are and How We Eat: A Qualitative Study of Identities in Food Choice. *Journal of Nutrition Education and Behavior*. 34 (3) (bls. 128-139).
- Brown, P. J. og Konner, M. (2000). An Anthropological Perspective on Obesity. Í A. H. Goodman, D. L. Dufour og G. H. Peltó (Ritstj.), *Nutritional Anthropology: Biocultural Perspectives on Food and Nutrition* (bls. 347-358). Mountain View, California: Mayfield Publishing Company.
- Camporesi, P. (1993). *The Magic Harvest: Food, Folklore and Society* (Joan Krakover Hall þýddi). Cambridge: Polity Press.
- Christiansen, Pia Monrad. (1997). Næringarmannfræði. Í Gísli Pálsson, Haraldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (Ritstj.), *Við og hinir: Rannsóknir í mannfræði* (bls. 206-216). Reykjavík: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Crooks, D. L. (2003). Trading Nutrition for Education: Nutritional Status and the Sale of Snack Foods in an Eastern Kentucky School [Rafræn útgáfa]. *Medical Anthropology Quarterly* 17(2), 182-199.
- Daltabuit, M. og Leatherman, T. (1998). Building a New Biocultural Synthesis: Political-Economic Perspectives on Human Biology. Í A. H. Goodman og T. L. Leatherman (Ritstj.). *The Biocultural Impact of Tourism on Mayan Communities* (bls. 317-337). Ann Arbor: The University of Michigan Press.
- Edelman, M. og Haugerud, A. (2005). Introduction: Development and Globalization. Í M. Edelman og A. Haugerud (Ritstj.), *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism* (bls. 1-74). Oxford; Blackwell Publishing.
- Encyclopædia Britannica online (2008). *Disease, human*. Sótt 1. júlí. 2008 af: Britannica Student Encyclopædia: <http://student.britannica.com/comptons/article-234387>.
- Encyclopædia Britannica online (2008). *Malnutrition*. Sótt 1. júlí, 2008 af: Britannica Student Encyclopædia: <http://student.britannica.com/comptons/article-204205>.

- Featherstone, M. (1991). *Consumer Culture and Postmodernism*. London: Sage.
- Freund, P. E. S. og McGuire, M. B. (1995). *Health, Illness, and the Social Body: A Critical Sociology* (2. útgáfa). New Jersey: Prentice Hall.
- Goodman, A. H., Dufour, Darna L. og Peltó, G. H. (2000). The Biocultural Perspective in Nutritional Anthropology. Í A. H. Goodman, D. L. Dufour og G. H. Peltó (Ritstj.), *Nutritional Anthropology: Biocultural Perspectives on Food and Nutrition*. Mountain View, California: Mayfield Publishing Company.
- Goodman, A. H. og Leatherman, T. L. (1998). Traversing the Chasm between Biology and Culture: An Introduction. Í A. H. Goodman og T. L. Leatherman (Ritstj.), *Building a New Biocultural Synthesis: Political-Economic Perspectives on Human Biology* (bls. 3-41). Ann Arbor: The University of Michigan Press.
- Goody, Jack. (1982). *Cooking, Cuisine and Class: A Study in Comparative Sociology*. Cambridge: University Press.
- Hawkes, Corinna. (2006). Globalization and Health [Rafræn útgáfa]. *Globalization and Health*, 2:4.
- Helman, C. G. (1997). *Culture, Health and Illness: An Introduction for Health Professionals* (3. útgáfa). Oxford: Butterworth-Heinemann.
- Hermann Óskarsson. (2005). *Heilbrigði og samfélag: Heilsufélagsfræðilegt sjónarhorn*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Himmelgreen, D. A. (2002). "You Are What You Eat And You Eat What You Are." The Role Of Nutritional Anthropology In Public Health Nutrition And Nutrition Education, *Nutritional Anthropology*, 25, bls. 2-12. Sótt 15. mars. 2009 úr Anthrosource gagnagrunninum.
- Himmelgreen, D. A. og Crooks, D. L. (2005). Nutritional Anthropology and Its Application to Nutritional Issues and Problems. Í S. Kedia og J. Van Willigen (Ritstj.), *Applied Anthropology: Domains of Application* (bls. 149-188). Westport: Praeger.
- Kennedy, G., Nantel, G. og Shetty, P. (2004). Globalization of food systems in developing countries: a synthesis of country case studies. *FAO Food and Nutrition Paper 2004*: 1-24.
- Kleinman, A. og Kleinman J. (1999). The Transformation of Everyday Social Experience: What a Mental and Social Health Perspective Reveals about Chinese Communities under Global and Local Change [Rafræn útgáfa]. *Culture, Medicine and Psychiatry*, 23, 7-24.
- Kuska, B. (1999). Breast Cancer Increases on Papua New Guinea. *JNCI Journal of the National Cancer Institute*, 91(12), 994-996.
- Lang, T. (1999). Diet, Health and Globalization: five questions [Rafræn útgáfa]. *Proceedings of the Nutrition Society*, 58, 335-343.

- Leatherman, T. og Goodman, A. (2005a). Coca-colonization of Diets in the Yucatan. *Social Science & Medicine* 61, 833-846. Sótt 18. apríl 2009 úr Science Direct gagnagrunninum.
- \_\_\_\_\_. (2005b). Context and Complexity in Human Biological Research. Í S. McKinnon og S. Silverman (Ritstj.), *Complexities: Beyond Nature & Nurture* (bls. 179-195). Chicago: The University of Chicago Press.
- Long, L. M. (2004). Introduction. Í L. M. Long (Ritstj.), *Culinary Tourism* (bls. 1-19). Lexington: The University Press of Kentucky.
- Messer, E. (1984). Anthropological Perspectives on Diet. *Annual Review of Anthropology*, 13, 205-249. Sótt 21. mars 2009 úr JSTOR gagnagrunninum.
- Mintz, S. og Du Bois, C. M. (2002). The Anthropology of Food and Eating. *Annual Review of Anthropology*, 31, 99-119. Sótt 4. júní 2008 úr ProQuest gagnagrunninum.
- Montanari, M. (1994). *The Culture of Food* (Carl Ipsen þýddi). Oxford: Blackwell.
- Morris, D. B. (1998). *Illness and Culture in the Postmodern Age*. Berkeley: University of California Press.
- Omran, A. R. (1979). Changing Patterns of Health and Disease During the Process of National Development. Í G. Albrecht og P. Higgins (Ritstj.), *Health, Illness and Medicine* (bls. 81-93). Boston: Houghton Mifflin.
- Pelto, G. H. (2000). Social Class and Diet in Contemporary Mexico. Í A. H. Goodman, D. L. Dufour og G. H. Pelto (Ritstj.), *Nutritional Anthropology: Biocultural Perspectives on Food and Nutrition* (bls. 96-107). Mountain View, California: Mayfield Publishing Company.
- Pelto, G. H. og Pelto, P. J. (2000). Diet and Delocalization: Dietary Changes Since 1750. Í A. H. Goodman, D. L. Dufour og G. H. Pelto (Ritstj.), *Nutritional Anthropology: Biocultural Perspectives on Food and Nutrition* (bls. 269-278). Mountain View, California: Mayfield Publishing Company.
- Pingali, P. (2006). Westernization of Asian diets and the transformation of food systems: Implications for research and policy. *Food Policy* 32, 281-298. Sótt 21. mars 2009 úr Science Direct gagnagrunninum.
- Pitte, Jean-Robert. (2000). Geography of Taste between Globalization and Local Roots. Í A. Montanari (Ritstj.), *Food and Environment: Geographies of Taste* (bls. 12-28). Rome: Società Geografica Italiana.
- Popkin, B. M. (2006). Technology, transport, globalization and the nutrition transition food policy. *Food Policy*, 31, 554-569. Sótt 21. mars 2009 úr Science Direct gagnagrunninum.
- Quandt, S. A. (1996). Nutrition in Medical Anthropology. Í S. F. Sargent og T. M. Johnson (Ritstj.), *Medical Anthropology: Contemporary Theory and Method* (endurbætt útgáfa) (bls. 272- 289). Westport: Praeger.



- Ritzer, G. (1998). *The McDonaldization Thesis: Explorations and Extensions*. London: Sage Publications.
- Schlosser, E. (2001). *Fast Food Nation: the dark side of the all-american meal*. Boston: Houghton Mifflin Company.
- Uusitalo, U., Sobal, J., Moothoosamy, L., Chitson, P., Shaw, J., Zimmet, P. og Tuomilehto, J. (2004). *Dietary Westernization: conceptualisation and measurement in Mauritius*, 8(6), 608-619.
- Wiley, A. S. (2007). Transforming Milk in a Global Economy. *American Anthropologist*, 109 (4), 666-677. Sótt 5. júní 2008 úr Anthrosource gagnagrunninum.

